

skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Garðhúsgögn






Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
11. maí 2011
108. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Hálfgerð trúarbrögð

*Knattspyrnufélagið Valur fagnar hundrað ára afmæli sínu í dag.*

**tímamót** 16

## Listin tekin af stallinum

*Endemi, nýtt tímarit helgað samtímalist íslenskra kvenna, er ætlað að brúa bilið milli myndlistar og almennings.*

**menning** 23



## Kvartað yfir Frey

*KR hefur kvartað til KSÍ vegna meintra óheiðarlegra vinnubragða aðstoðarþjálfara Vals.*

**sport** 26

## veðrið í dag




**BJART SYÐRA** Í dag verða víðast norðan 3-10 m/s. Skýjað að mestu og kólnar N-til en bjart og allt að 16 stiga hiti syðra.

VEÐUR 4

# Lögreglan hefur ekki undan við rannsókn kynferðisbrota

**Kærum vegna kynferðisbrota hefur rignt yfir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu það sem af er þessu ári. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins bárust nær 80 kærur þessa eðlis, auk 23 kæra vegna heimilisofbeldis.**

**LÖGREGLUMÁL** Nær áttatíu kærur vegna kynferðisbrota bárust kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs, samtals 76 mál. Um var að ræða 33 kærur vegna nauðgunar, tuttugu kærur vegna brota gegn börnum, fjögur barnaklámsmál frá Europol og Interpol og nítján blygðunarsemisbrot. Auk þessa bárust nítján mál vegna heimilisofbeldis til deildarinnar.

Athygli hefur vakið hversu mörg kynferðisbrot hafa komið upp á síðustu vikum og mánuðum. Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að yfirleitt hafi þessi mál komið í bylgjum en nú sé það sérstakt áhyggjuefni hversu stöðug aukningin virðist vera.

> **33** nauðganir og 20 barnaníðingsmál hafa verið kærð til kynferðisbrotadeildarinnar í mars og apríl á þessu ári.

„Þá veldur þetta okkur hjá lögreglunni miklum áhyggjum því við höfum hreinlega ekki undan,“ segir hann.

Auk rannsóknar lögreglu á þeim málum sem komið hafa upp á undanförnum mánuðum hefur hún haft með höndum vinnu að kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds yfir þeim brotamönnum sem þörf hefur verið talin á að halda inni vegna rannsóknarhagsmuna eða hagsmuna almennings. Rannsókn mála hefur þó miðað nokkuð vel miðað við aðstæður, að sögn Björgvins. Rannsókn máls tveggja frænda sem grunaðir voru um að hafa beitt son annars þeirra, á áttunda ári, kynferðisofbeldi er þannig langt komin. Frændurnir eru lausir úr gæsluvarðhaldi.

Einn karlmaður situr nú inni eftir að tvær ungar konur kærðu hann fyrir nauðgun í síðasta mánuði. Hann er í gæslu til 3. júní vegna almannahagsmuna. Einnig situr í gæslu til 3. júní karlmaður sem kærður hefur verið fyrir að níðast á dreng. Hann hefur hlotið dóm fyrir vörslu efnis sem sýnir kynferðisofbeldi gegn börnum. Þá er maður í farbanni sem grunaður er um að hafa brotið gegn ungri fósturdóttur sinni. Karlmaður sem fyrrverandi sambýliskona kærði fyrir nauðgun í apríl er laus úr haldi og sama máli gildir um mann sem stúlka kærði fyrir kynferðisbrot á Austurvelli um þarsíðustu helgi. **- jss**



**Í ÚRSLIT** Vinir Sjonna komust í gær upp úr undanriðli Eurovision-keppninnar sem fram fer í Düsseldorf í Þýskalandi. Matthías Matthíasson smellir hér kossi á Vigni Snæ en þeir félagar taka þátt í lokakeppninni á laugardaginn kemur. NORDICPHOTS/GETTY

Vinir og ættingjar hágrétu:

## Sjonni var með okkur í kvöld

**FÓLK „Við erum að springa úr gleði, það er ekkert annað hægt,“ sagði Bjarney Sigríður Sigurjónsdóttir, móðir Sjonna Brink, í gærkvöldi eftir að ljóst var að lagið Aftur heim eða Coming home var komið áfram úr undanriðli Eurovision.**

**Aftur heim var síðasta lagið sem lesið var upp af þeim tíu sem komust áfram í lokakeppnina. Bjarney segist alltaf hafa haft trú á að lagið myndi komast áfram. „Við gefumst aldrei upp og vissum að ef lagið yrði ekki lesið upp númer tvö yrði það níunda eða tíunda í röðinni. Það gekk upp.“**

**Bjarney segir að þótt gleðin sé mikil hafi þetta verið rússibanareið fyrir fjölskylduna. „Sjonni er búinn að vera hjá okkur hér í kvöld og þess vegna gekk þetta svona vel. Það er ekki spurning,“ segir Bjarney.** **- kh /** **sjá síðu 2**


Teppi á stigaganginn
Eitt verð niðurkomið kr. 5.690 m²

Allur vinna
Komum á staðinn með prufur og málum, ykkur að kostnaðarlausu
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755


Frestur til að svara bréfum rannsóknarnefndar þjóðkirkjunnar rennur út í vikunni:

# Biskupinn fékk bréf til andmæla

**ÞJÓÐKIRKJAN** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, var einn þeirra sem fengu sent bréf til andmæla frá rannsóknarnefnd þjóðkirkjunnar um síðustu mánaðamót. Þetta fékkst staðfest hjá Biskupsstofu í gær.



KARL SIGURBJÖRNSSON

Rannsóknarnefndin sendi út bréf til þeirra sem hún telur að hafi gerst sekir um þöggun, vanrækslu eða mistök í starfi þegar konur leituðu aðstoðar kirkjunnar vegna meintra kynferðisbrota Ólafs Skúlasonar, fyrrum biskups.

Bréfin voru send út laust fyrir síðustu mánaðamót og hafa þeir sem þau fengu um tvær vikur til þess að svara þeim. Hugsanlegt er að nefndin breyti niðurstöðum sínum með hliðsjón af andmælunum.

> Já, hann fékk bréf eins og allir aðrir. Það er verið að vinna í að svara því og því er að ljúka.
>
> **RAGNHILDUR BENEDIKTSDÓTTIR** SKRIFSTOFUSTJÓRI Á BISKUPSSTOFU

Ekki var hægt að fá samband við biskup þegar Fréttablaðið ræddi við Biskupsstofu. Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri segir málið alfarið vera í höndum rannsóknarnefndarinnar og ekki tengt stofnuninni á nokkurn hátt.

Hún staðfestir þó að biskupinn hafi verið einn þeirra sem fengu sent bréf til andmæla. „Já, hann fékk bréf eins og allir aðrir. Það er verið að vinna í að svara því og því er að ljúka,“ segir hún.

Ekki hefur fengist uppgefið hversu mörg bréf voru send út. Það eina sem hefur fengist staðfest er að bréfin voru fleiri en eitt og fáeinir einstaklingar hafa svarað nú þegar.

Í samtali við Fréttablaðið á laugardaginn sagði Róbert R. Spanó, formaður nefndarinnar, að unnið verði að skýrslugerð þegar öll svör hafa borist. Nefndin stefnir að því að ljúka störfum fyrir miðjan næsta mánuð. **- sv**


SUMARTILBOÐ
Verð 45.000.kr
(69.800)
Vertu netvæddur í ferðalaginu

Erum á móti Ikea í gallery Art2b
2b.is
android
Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is

## SPURNING DAGSINS



*Jón, er ekki hættulegt að gera hreindýr rándýr?*

„Hættan er takmörkuð svo fremi að rándýrið – veiðimaðurinn – missi ekki stjórn á sér.“

Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor á Akureyri, segir að fá megi verulega hærri tekjur af hreindýrum hérlendis með því að selja veiðileyfi til hæstbjóðanda í stað þess að úthluta leyfunum á föstu verði.

Telja að ólíkum aðferðum hafi verið beitt við að meta hæfa umsækjendur:

# Jóhanna leitar sátta við Önnu Kristínu

**JAFNRÉTTISMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ætlar ekki að kæra úrskurð kærunefndar jafnréttismála, vegna ráðningar Arnars Þórs Mássonar í starf skrifstofustjóra, til dómstóla.

Arnar Þór var ráðinn sem skrifstofustjóri á nýrri skrifstofu stjórnsýslu- og samfélagsþróunar í ráðuneytinu. Anna Kristín Ólafsdóttir taldi að með ráðningunni hefðu jafnréttislög verið brotin og kærði málið til kærunefndar jafnréttismála, sem úrskurðaði að jafnréttislög hefðu verið brotin.

Málið var tekið til skoðunar í forsætisráðuneytinu, hjá ríkislögmanni og hjá rýnihópi þriggja sérfræðinga.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Í niðurstöðu rýnihópsins segir að mismunandi niðurstöður kærunefndar jafnréttismála annars vegar og ráðuneytisins hins vegar byggi fremur á því að „ólíkum aðferðum hafi verið beitt við að meta hæfni umsækjenda en að hæfasti umsækjandinn hafi ekki verið skipaður“.

Forsætisráðherra segist í tilkynningu vilja ljúka málinu í sátt. „Þrátt fyrir að ýmis atriði hefðu getað réttlætt málshöfðun til ógildingar úrskurði kæruefndar jafnréttismála, m.a. að mati ríkislögmanns, er það vilji forsætisráðherra að freista þess að ljúka málinu með sátt,“ segir í tilkynningu.

Ráðherra hefur því falið ríkislögmanni að hefja formlegar sáttaumleitanir í málinu.

Grunnframfærsla námsfólks:

# LÍN hækkar um 10 prósent

**MENNTUN Grunnframfærsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) hækkar um tíu prósent á næsta skólaári, en ríkisstjórnin samþykkti tillögu mennta- og menningarmálaráðherra þess efnis í gær.**

**Með þessu fer grunnframfærsla einstaklings úr 120 þúsundum upp í 133 þúsund, upphæð fyrir einstakling í sambúð með eitt barn verður 166 þúsund og upphæð fyrir einstæð foreldri með eitt barn verður 192 þúsund.** - þj



**BARNALÁN** Danskar konur eignast mun fleiri börn nú en fyrir aldarfjórðungi. NORDICPHOTOS/GETTY

Ný úttekt OECD:

# Aukning í barneignum Dana

**DANMÖRK Danskar konur eru mun duglegri við barneignir nú en fyrir aldarfjórðungi, en ný könnun OECD leiðir í ljós að Danmörk er það aðildarland þar sem meðalfjöldi barna hefur aukist mest frá árinu 1984.**

**Árið 2009 átti hver dönsk kona 1,84 börn, sem er nær þriðjungshækkun frá 1984. Í dönskum miðlum kemur fram að þessi hækkun sé rakin til þess að konum sé í auknum mæli gert kleift að samþætta fjölskyldulíf og starfsframa.**

**Næst á eftir Dönum komu Svíar, Hollendingar, Norðmenn og Belgar, en barneignir hafa dregist mest saman í Mexíkó á tímabilinu.** - þj

Akureyrarlögreglan hjólar:

# Ölvaður maður á vespu náðist

**AKUREYRI** Lögreglan á Akureyri notar nú reiðhjól í auknum mæli við eftirlit. Tveir hjólandi lögreglumenn stöðvuðu drukkinn ökumann vespu aðfaranótt þriðjudags á Mýrarvegi við Kaupang. Maðurinn, sem er fæddur árið 1987, var sviptur ökuréttindum.

Samkvæmt lögreglunni á Akureyri gefst þessi ferðamáti vel á stærri mannamótum.

Einnig henta reiðhjólin vel við eftirlit að næturlagi, enda heyra lögreglumenn betur til innbrotsþjófa, sem heyra þá síður lögregluna nálgast. - sv

# Framsalið aflagt og veiðigjaldið hækkað

**Samkvæmt frumvarpi sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða verður framsal varanlegra aflaheimilda afnumið. Veiðigjald hækkar og hluti þess eyrnamerktur landsbyggðinni. Nýtingar- eða leigutími útgerðarinnar verður fimmtán ár.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Ríkisstjórnin afgreiddi frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða í gær. Samkvæmt frumvarpinu er gerð sú grundvallarbreyting á lögunum að leiga á varanlegum aflaheimildum verður óheimil.

Veiðigjald hækkar mikið og allt að fimmtán hundruð milljónum deilt sérstaklega út til landsbyggðarinnar.

Frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingar á stjórn fiskveiða var afgreitt í ríkisstjórn í gær og verður til umfjöllunar í þingflokkum stjórnarflokkanna í dag, ef áætlanir ganga eftir. Þá er lokið tafsamri vinnu sem hófst eftir að sáttanefnd í sjávarútvegi skilaði ráðherra lokaskýrslu og tillögum sínum 7. september í fyrra.



JÓN BJARNASON

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra sagði eftir ríkisstjórnarfundinn að meginstef frumvarpsins væri að fiskveiðiauðlindin væri í eigu og ráðstöfun þjóðarinnar.

Þegar þingflokkar stjórnarflokkanna hafa lokið sinni yfirvegun fá hagsmunaaðilar að sjá frumvarpið og fyrst þá verður það lagt fyrir Alþingi.

Eins og Fréttablaðið greindi frá 29. apríl er næsta víst að nýtingartími útgerðarinnar verði fimmtán ár með mögulegri framlengingu um fimm ár á miðjum samningstíma. Þær aflaheimildir verði leigðar gegn gjaldi. Í byrjun fara hins vegar um átta prósent aflaheimilda í potta til samfélagslegra verkefna – líkt og nú er með byggða- og strandveiðakvóta. Að fimmtán árum liðnum er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þetta hlutfall verði fimmtán prósent af heildarafla.



**FARSÆLL Á VEIÐUM** Verði framsalið aflagt er talið að það gæti tekið súrefnið frá útgerðum sem stólað hafa á leigukvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Ein af stórum spurningum sem er ósvarað um efni frumvarpsins er hvernig farið verður með viðbótaraflaheimildir. Eftir því sem næst verður komist færi stór hluti þeirra í pottana til að hraða uppbyggingu þeirra.

Eins og áður sagði verður framsal varanlegra aflaheimilda óheimilt en kvóti sem aðeins er bundinn til eins árs í senn verður framseljanlegur.

Veiðigjald hækkar umtalsvert, en þær breytingar eru settar fram í sérstöku frumvarpi. Heimildum greinir á um hversu mikið og nefnd hefur verið 50 prósenta hækkun. Ljóst er hins vegar að drjúgum hluta tekna af veiðigjaldi, sem verða þá allt að fimm milljarðar verði það hækkað um 50 prósent, verður deilt út til landsbyggðarinnar sérstaklega. Þessar breytingar taka gildi frá og með nýju fiskveiðiári 1. september en aðrar breytingar ári síðar.

svavar@frettabladid.is

Flóðin í Mississippi:

# Mikið tjón við bakka fljótsins

**BANDARÍKIN, AP** Flóðin í Mississippi náðu nærri 15 metra hæð í borginni Memphis í gær, sem er reyndar ekki met en olli engu að síður miklum skaða.

Ekki er búist við því að flóðin byrji að réna þar í borg fyrr en í dag.

„Það verður dýrt að hreinsa til eftir þetta, það krefst mikils vinnuafls,“ sagði Bob Nations, framkvæmdastjóri björgunarsveita, og sér fram á erfiða daga, bæði fyrir félaga sína og íbúana.

Sunnar með fljótinu bjuggu íbúar sig undir hið versta. Flóðin eru að berast niður með ánni og hafa bændur reynt að verja uppskeru sína með því að reisa heimatilbúnar stíflur. - gb

Réðst á konu á Austurvelli:

# Hafna kröfu um varðhald

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur, líkt og héraðsdómur áður, hafnað kröfu lögreglunnar um gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem beitti unga stúlku kynferðislegu ofbeldi á Austurvelli fyrir viku.**

**Maðurinn réðst aftan að stúlkunni, á meðan hún sat á hækjum sér og kastaði af sér vatni, og stakk fingri fyrirvaralaust upp í endaþarm hennar. Sjálfur taldi hann sig, að eigin sögn, hafa stungið fingrinum í leggöng hennar. Hún kærði hann fyrir nauðgunartilraun.**

**Maðurinn stökk á flótta en náðist skömmu síðar. Hann hefur við yfirheyrslur sagst hafa „viðurstyggð“ á þessum „fíflagangi“ sínum.**

**Dómurum þótti maðurinn ekki nægilega hættulegur til að það réttlætti að setja hann í varðhald á grundvelli almannahagsmuna.** - sh




Íslenski fáninn dróst úr lokaumslaginu í þriðja sinn á þremur árum:

# Vinir Sjonna komnir í úrslitin

**FÓLK** Framlag Íslands í Eurovision-söngvakeppninni, lagið Coming Home í flutningi Vina Sjonna, var eitt tíu laga sem komust upp úr fyrri undanriðli keppninnar í gærkvöldi og mun því taka þátt í lokakeppninni á laugardagskvöld.

Flutningur lagsins, sem er eftir Sigurjón heitinn Brink og konu hans, Þórunni Ernu Clausen, var lýtalaus á sviðinu í Düsseldorf. Fáni Íslands kom svo upp úr síðasta umslaginu af þeim tíu sem höfðu að geyma sigurvegara kvöldsins. Það sama hafði gerst undanfarin tvö ár.

„Við trúum þessu ekki ennþá, við erum öll hágrátandi hérna,“ sagði Þórunn þegar Fréttablaðið náði tali af henni nokkrum mínútum eftir að úrslitin lágu fyrir.

Þórunn segir að hópurinn hafi verið búinn að afskrifa það að komast áfram. „Við héldum að þetta væri löngu búið, fyrst Sviss var inni og Noregur og Rússland voru bæði eftir. Við skildum samt ekki af hverju myndatökumaðurinn var hérna á okkur.“

Að sögn Þórunnar hugðist hópurinn nýta sigurvímuna í að skemmta sér ærlega í gærkvöldi, enda fjölskyldur Sigurjóns og Þórunnar staddar í Þýskalandi til að fylgjast með árangrinum.



**ÓAÐFINNANLEGUR FLUTNINGUR** Sexmenningarnir í Vinum Sjonna voru, líkt og aðrir í hópnum, himinlifandi í gærkvöldi. NORDICPHOTOS/GETTY

Spurð hver markmiðin séu fyrir laugardagskvöldið segir Þórunn að það hafi ekki verið rætt. „Undanúrslitin voru miklu erfiðari fyrir okkur heldur en laugardagurinn. Nú höfum við bara gaman af þessu. Markmiðið er bara að gera þetta frá hjartanu eins og við gerðum í dag,“ segir Þórunn Erna Clausen. - sh




„Að geta ferðast til framandi landa til að upplifa eitthvað alveg nýtt.“





## Ný íbúðalán

# Hvað **skiptir** þig máli?

Það skiptir máli að geta fengið íbúðalán á góðum kjörum. Þess vegna bjóðum við hjá Arion banka viðskiptavinum okkar ný íbúðalán.

Um er að ræða verðtryggð íbúðalán með föstum 4,3% vöxtum í 25 eða 40 ár.

**Komdu við í næsta útibúi eða reiknaðu þitt dæmi á arionbanki.is.**

„Að bankinn minn vinni með mér að markmiðum mínum.“



„Að heimilið mitt endurspegli það hver ég er.“

„Það **skiptir** máli að hafa aðgang að íbúðalánum á **hagstæðum** kjörum.“

Sigríður Dögg Arnardóttir
28 ára








4,3%

„Að geta boðið vinum mínum í eftirminnileg matarboð.“



Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is**
eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 54327 05/11

## GENGIÐ 10.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,79 | 114,33 |
| Sterlingspund | 186 | 186,9 |
| Evra | 163,14 | 164,06 |
| Dönsk króna | 21,877 | 22,005 |
| Norsk króna | 20,869 | 20,991 |
| Sænsk króna | 18,213 | 18,319 |
| Japanskt jen | 1,4097 | 1,4179 |
| SDR | 181,74 | 182,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,4797

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hundruð flóttamanna hafa farist í Miðjarðarhafinu síðustu vikur á leið til Evrópu:

# Gagnrýnd fyrir afskiptaleysi

**MANNÚÐARMÁL** Hundruð flóttamanna á ofhlöðnum bátum frá Líbíu hafa farist í Miðjarðarhafinu á síðustu vikum. Ríkin við sunnanvert Miðjarðarhafið, Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið sæta nú gagnrýni fyrir að sinna ekki þessu fólki í nauð.

„Við fyrstu sýn þarf að líta á hvern einasta bát sem siglir frá Líbíu sem bát sem þarfnast aðstoðar,“ segir Melissa Fleming, talskona Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem hvetur Evrópuríki til þess að sinna betur flóttafólkinu frá Líbíu.

Hún segir ekki ganga að bíða eftir neyðarkalli frá flóttafólkinu áður en brugðist sé við. Grípa þurfi inn í strax og athuga hvort hjálpar sé þörf.

Flóttamannastofnunin segir að ekkert sé vitað um afdrif að minnsta kosti 800 manna frá því að flóttamannastraumurinn frá Líbíu hófst hinn 25. mars síðastliðinn. Inni í þessari tölu séu þó ekki þeir 600 flóttamenn sem hugsanlega fórust flestir þegar báti þeirra hvolfdi skammt frá Trípolí á föstudag. - gb



**FLÓTTAMENN FRÁ LÍBÍU** Leiðin yfir Miðjarðarhafið hefur kostað marga þeirra lífið. NORDICPHOTOS/AFP

### Össur kanni hvað gerðist

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, fór fram á það við Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á Alþingi í gær að hann nýtti stöðu sína og grennslaðist fyrir um hvað hefði í raun gerst þegar bátur með 72 flóttamönnum frá Afríku lenti í mars í vandræðum á Miðjarðarhafi með þeim afleiðingum að 61 lést úr hungri og þorsta.

Vitnaði Þórunn í frétt breska blaðsins The Guardian um að herskip og vélar NATO hefðu ekki komið flóttamönnunum til bjargar.

Össur sagði að hann neitaði á þessari stundu að trúa því að þetta hefði gerst með þeim hætti sem lýst var. Sagði hann slíkt ósiðlegt og óverjandi.



**VÍNBÚÐIN Á HÓLABRAUT** Íbúar óttast umferðaröngþveiti með stækkun vínbúðar.

Vínbúðarmálið á Akureyri:

## Skipulagssvið svarar fljótlega

**SKIPULAGSMÁL „Ég tel ekki rétt að ræða þetta mál á vettvangi fjölmiðla fyrr en við ákveðum hvernig við svörum athugasemdum þeirra sem sendu inn bréf vegna málsins,“ segir Helgi Snæbjarnarson, formaður skipulagsnefndar Akureyrar, spurður um ásakanir þess efnis að bæjaryfirvöld sniðgangi lög og misfari með vald í tengslum við áformaða viðbyggingu vínbúðar ÁTVR á Hólabraut.**

**Helgi segist eiga von á því að athugasemdum íbúa á nágrenni vínbúðarinnar verði svarað í næstu viku. Málið hafi enn aðeins verið lagt fram til kynningar og engin ákvörðun verið tekin.** - gar

### LEIÐRÉTTING

**Rangnefni á Náttúrustofu**

Í frétt af hreindýraveiðum í blaðinu í gær var Náttúrustofa Austurlands ranglega nefnd Náttúruverndarstofa. Þá skal áréttað að af samtals 97 milljónum króna sem fengust með sölu veiðileyfa runnu tæpar fjórar milljónir til Náttúrustofu Austurlands, ríflega tíu milljónir til Umhverfisstofnunar og tæpar 83 milljónir til landeigenda.

# Geir stefnt fyrir landsdóm

**Geir H. Haarde hefur verið birt ákæra og honum stefnt fyrir landsdóm. Málflutningurinn hefst í haust. Hámarksrefsing er tveggja ára fangelsisvist. Verjandi Geirs gagnrýnir ákæruna fyrir skort á rökstuðningi.**

**LANDSDÓMUR** Verjanda Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, var í gær birt ákæra á hendur Geir fyrir margvíslega og alvarlega vanrækslu í starfi í aðdraganda bankahrunsins.

Ákæran er í tveimur liðum og er þeim fyrri skipt í fimm hluta. Báða ákæruliðina má lesa í heild sinni hér til hliðar. Allir hlutar þeirra snúast um það hvað Geir hefði átt að gera til að reyna að afstýra bankahruninu en lét undir höfuð leggjast, að því er haldið er fram í ákærunni. Hámarksrefsing við brotum sem þessum er tveggja ára fangelsi.

Andra Árnasyni, verjanda Geirs, var jafnframt afhent stefna frá forseta landsdóms, Ingibjörgu Benediktsdóttur, þar sem Geir er gert að mæta fyrir dóminn 7. júní næstkomandi klukkan 13.30 og vera viðstaddur þingfestingu málsins.

Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, segir að búast megi við að málflutningur með skýrslutökum af sakborningi og vitnum hefjist í haust.

Andri er gagnrýninn á ákæruna. Hún sé nánast orðrétt upp úr þingsályktunartillögunni um ákæruna á hendur Geir og engum rökstuðningi sé bætt við, eins og lög geri þó ráð fyrir þegar um flókin ákæruatriði sé að ræða.

„Það kom mér svo sem ekkert á óvart að ákæran speglaði málshöfðunarályktun Alþingis, enda er gert ráð fyrir því í lögum að saksóknari sé bundinn við hana, en maður átti kannski von á því að saksóknarinn mundi rökstyðja þennan málatilbúnað,“ segir Andri.

„Þessi ákæruatriði eru að mínu mati vægast sagt loðin og teygjanleg og óljós og þess vegna var maður eiginlega spenntastur fyrir því að sjá rökstuðninginn,“ segir hann. Þar sem hann skorti verði erfitt við málið að eiga. „Það er náttúrlega ekki hægt að ákæra mann fyrir eitthvað sem er svo óljóst að hann geti ekki tekið almennilega til varna,“ bætir hann við.

Andri á von á að fá tæplega fjögur þúsund blaðsíður af fylgiskjölum í hendur fljótlega.

Sigríður lagði einnig fram vitnalista. Á honum eru 43 nöfn, meðal annars fyrrverandi ráðherrar, ráðuneytisstjórar, seðlabankastjórar og bankastjórar allra föllnu bankanna þriggja.

stigur@frettabladid.is



**GEIR H. HAARDE** Þarf að mæta fyrir landsdóm 7. júní.

### Ákæran í heild sinni

*Geir er ákærður „fyrir brot framin af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi í embættisfærslu hans sem forsætisráðherra á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, allt eins og hér greinir:*

**1.**

**1.1** Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvarðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

**1.2** Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

**1.3** Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri.

**1.4** Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

**1.5** Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

[...]

**2.**

Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.“




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**DÁLÍTIL VÆTA** Á norðan- og austanverðu landinu má búast við lítils háttar vætu næstu daga. Nokkuð bjart sunnan- og vestanlands en þó má búast við stöku skúrum. Hitinn verður með ágætum syðra í dag en það kólnar aðeins á morgun.



Á MORGUN 3-8 m/s.

FÖSTUDAGUR Litlar breytingar.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 18° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 22° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 20° |
| París | 19° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Föstudagsmessa Skýrr, Dell, Primus og Caoz!

**Opinn morgunverðarfundur Skýrr 13. maí um miðlægar gagnalausnir og þrívíddarþrekvirkið „Thor" frá Caoz**

Skýrr býður atvinnulífinu til opins morgunverðarfundar föstudaginn 13. maí (úé!) um miðlægar gagnalausnir, betri nýtingu gagna og hagræðingu með gagnageymslum í sýndarheimi. Einnig munum við skyggnast bak við tjöldin og kynna stærsta kvikmyndaverkefni Íslandssögunnar, þrívíða snilldarverkið „Thor" hjá Caoz.

Fundurinn er skipulagður í samstarfi við tölvurisann Dell, óháða ráðgjafarfyrirtækið Primus og EJS, sem er hluti af Skýrr.

Fundurinn stendur frá kl. 8 til 10, í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 (gengið inn frá Háaleitisbraut). Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir. Húsið opnar klukkan átta þegar morgunverður er framreiddur, en dagskrá hefst hálftíma síðar.

Skráðu þig með því að senda tölvupóst til **skyrr@skyrr.is.**





**8:00** *Morgunverður að hætti hússins*
Karl Emil Pálmason, meistarakokkur

**8:30** *Skýrr býður góðan dag*
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr





**8:40** *Betri rekstur og meiri afköst með endurskipulagningu á grunnviðum í vélasölum og gagnageymslum*
Martin Conway, ráðgjafi hjá Primus

**9:10** *Nýjar sýndargeymslur Dell bjóða upp á sjálfvirka gagnastýringu og umtalsverðan sparnað í tíma og peningum*
Simon Attfield, viðskiptastjóri í gagnalausnum Dell





**9:30** *Hvernig gerir maður þrívíða teiknimynd á Íslandi, sem er jafnframt stærsta kvikmyndaverkefni sögunnar hér á landi?*
Þórhallur Ágústsson, markaðsstjóri Caoz

**9:45** *Reynslusaga af notkun EqualLogic-gagnageymslu*
Arnar Gunnarsson, upplýsingatæknistjóri Caoz



*Fundarstjóri:*
Rakel Theodórsdóttir, markaðsfulltrúi hjá Skýrr

EJS
HLUTI AF SKÝRR

DELL

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

17. júní 2011 í Reykjavík

**Umsóknir um sölutjöld**

Þeir sem óska eftir að leigja sölutjald þann 17. júní nk. í Reykjavík þurfa að skila inn umsókn fyrir þriðjudaginn 24. maí fyrir kl. 16.00 í Skátamiðstöðina Hraunbæ 123. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á vefnum www.skataland.is

Vakin er athygli á því að lausasala á hátíðarsvæðinu er bönnuð. Sölutjöld eru einungis leigð félögum og samtökum sem sinna æskulýðs- og íþróttastarfi í Reykjavík, en ekki einkaaðilum.

Þjóðhátíðarnefnd Reykjavíkur | Skátasamband Reykjavíkur









FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing





Allt sem þú þarft...

**FRÉTTASKÝRING: Saga Hörpu hingað til**



**HARPA VIÐ FYRSTU TÓNLEIKA** Svona var umhorfs fyrir utan Hörpu 3. maí, daginn fyrir fyrstu tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þrautaganga Hörpu

**Tónlistarhúsið Harpa verður opnað formlega á föstudaginn en framkvæmdum á að ljúka í sumar. Að baki er margra ára barátta fyrir byggingunni og basl við að klára hana. Fréttablaðið leit yfir sögu tónlistarhússins.**

Þó að rætt hafi verið um nauðsyn tónlistarhúss í langan tíma var það ekki fyrr en í byrjun árs 1999 sem ríkið og Reykjavíkurborg tilkynntu að þau ætluðu að beita sér fyrir byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í miðborginni. Ári seinna var samþykkt tillaga um afmörkun lóðar við Austurbakka Reykjavíkurhafnar undir húsið og efnt var til hugmyndasamkeppni um skipulag lóðarinnar og næsta nágrennis. Samningur um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar var síðan undirritaður í apríl árið 2002.

Geir Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem þá voru fjármálaráðherra og borgarstjóri Reykjavíkur, undirrituðu samninginn ásamt Tómasi Inga Olrich, þá menntamálaráðherra, og Sturlu Böðvarssyni, þáverandi samgönguráðherra. Tekið var fram í samningnum að um einkaframkvæmd yrði að ræða, og að sami einkaaðili myndi einnig reisa og reka alþjóðlegt hótel á eigin kostnað. Ríki og borg stofnuðu einkahlutafélagið Austurhöfn-TR til þess að hrinda verkefninu í framkvæmd.



**Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSI** Geir Haarde, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Björgólfur Guðmundsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Kristrún Heimisdóttir voru kát þegar tilkynnt var að félag Björgólfs, Portus, hefði þótt hafa bestu tillöguna að byggingu tónlistarhúss. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Fjárhagslega sterkur framkvæmdaraðili valin

Útboðslýsing kvað á um að tónlistarhúsið yrði sautján þúsund fermetrar að stærð og að hótelið yrði átján til tuttugu þúsund fermetrar. Þá var gert ráð fyrir 38 þúsund fermetrum í öðrum byggingum sem framkvæmdaaðili myndi kaupa byggingarétt á og ráðstafa að vild. Fjórum tilboðum var skilað í verkið en einn hópurinn hætti við þátttöku í janúar 2005. Hinir þrír skiluðu fortilboðum inn í maí sama ár og síðar var tveimur boðið að halda áfram og þróa tillögurnar enn frekar. Í ágúst lágu endanleg tilboð fyrir og tilkynnt var að eignarhaldsfélagið Portus Group, í eigu Landsbankans og Nýsis, sem voru að hluta í eigu Björgólfs Guðmundssonar, hefði hreppt hnossið við hátíðlega athöfn hinn 21. september 2005. Tilboðið hljóðaði upp á rúmlega tólf milljarða stofnkostnað, en árlegt framlag ríkis og borgar var áætlað að hámarki 600 milljónir á ári.

Gengið var til samninga við Portus-hópinn í mars 2006, en



**TILLAGA PORTUSAR** Upphaflega áttu hótel og höfuðstöðvar Landsbankans að rísa við hlið tónlistarhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björgólfur Guðmundsson var sem kunnugt er stjórnarformaður Portusar. Tillaga hópsins þótti hafa vinninginn í byggingarlist, lausn á rekstri bílastæða, viðskiptaáætlun, fjárhagslegum og stjórnunarlegum styrk, og metnaðarfullri dagskrá og starfsemisáætlun. Hin tillagan, tillaga Fasteignar/Klasa, þótti Portusi fremri í hönnun og heildarskipulagi. Matsnefndin sem tók um þetta ákvörðun taldi að fyrirtækið Portus væri öflugt og fjárhagslega sterkt og tillagan væri í fullu samræmi við menningarleg markmið.

### Framkvæmdir stöðvast

Framkvæmdir hófust eftir að gengið hafði verið formlega frá samningum í mars 2006 og var fyrstu steypunni rennt í mótin í janúar 2007. Þegar framkvæmdir hófust var gert ráð fyrir að þeim yrði lokið árið 2008 en í júlí 2006 tilkynnti ríkisstjórnin þáverandi að hún vildi fresta framkvæmdum um eitt ár til að sporna gegn þenslu. Þá sagði menntamálaráðherrann Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir að hún gerði ráð fyrir að húsið risi ekki síðar en vorið 2010.

Í kjölfar efnahagshrunsins fór Portus svo í þrot og framkvæmdir við Hörpu stöðvuðust í nóvember 2008. Þá stóð hálfklárað tónlistarhúsið nánast óhreyft fram í mars 2009, þegar ríki og borg tóku ákvörðun um að taka við verkefninu og ljúka við byggingu hússins. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra sagði þá að horft hefði verið í langtímakostnað, sem gæti allt að tvöfaldast ef framkvæmdum hefði verið hætt þá. Jafnframt væri um 600 störf að ræða. Austurhöfn, sem var og er í eigu borgarinnar og ríkisins, tók yfir bæði Portus og Situs. Hið síðarnefnda hafði verið stofnað utan um byggingareitina að tónlistarhúsinu, en Portus sá um framkvæmdir og rekstur hússins. Á sama tíma var gengið frá samkomulagi við Íslenska aðalverktaka um að klára byggingu hússins.

### 17,5 milljarðar í að klára verkið

Austurhöfn keypti jafnframt átta milljarða króna kröfu gamla Landsbankans á Portus, en ekkert var gefið upp um kaupverðið. Ljóst var þó að það var langt frá átta milljörðum og Landsbankinn sat því uppi með tapið. Nýju bankarnir, Arion, Íslandsbanki og Landsbanki, veittu Austurhöfn síðan sambankalán upp á allt að 17,5 milljarða króna, sem var reiknaður kostnaður við að klára verkið. Sú upphæð stendur enn, að sögn Stefáns Hermannssonar, framkvæmdastjóra Austurhafnar.

Fyrir viku hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands sína fyrstu tónleika í nýjum heimkynnum og vígði þar með Hörpu. Opnunarhátíðin verður haldin um næstu helgi og verður hún öllum opin. Þar verða um þúsund flytjendur og er ætlunin að þar verði þverskurður íslensks tónlistarlífs.

**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is






# ÓTRÚLEGT VERÐ TIL ALICANTE Í MAÍ!

*Plúsferðir bjóða nú upp á frábært flugverð til Alicante í maí sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!* Hvítar strendur með fagurbláu hafinu á sólríkum sumardögum eiga engan sinn líka. Fjallgarðurinn fyrir ofan ströndina gerir það að verkum að sjaldan rignir og á fáum stöðum á Spáni er jafn sólríkt. Umhverfis Alicante eru óþrjótandi möguleikar á ferðalögum um héruð og sveitir sem eru umvafin einstakri náttúrufegurð. Á Alicante er hægt að sameina óendanlega fjörugt strandlíf og óviðjafnanlegt næturlíf - þangað flykkist fólk til að njóta tilverunnar, hvílast og skemmta sér.

---

Verð aðeins frá:

# 58.900 kr.*

FLUG **BÁÐAR** LEIÐIR MEÐ SKÖTTUM
* TILBOÐIÐ Á VIÐ UM EFTIRTALDAR BROTTFARIR Í MAÍ.
**12., 14., 19., & 21. maí.**

BÓKAÐU FERÐINA Á **plusferdir.is**

ATHUGIÐ! AÐEINS TAKMARKAÐ MAGN AF SÆTUM Á ÞESSU TILBOÐI!

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

## Aðskiljum ríki og kirkju
## Hvatning til stjórnlagaráðs

**Við undirrituð hvetjum stjórnlagaráð að bera fram sérstaka tillögu um afnám 62. greinar stjórnarskrár Íslands og afnema þar með ákvæði um sérstaka vernd Þjóðkirkjunnar. Við teljum að stjórnarskrá Íslands eigi að tryggja jafnrétti og fullt trúfrelsi einstaklinga óháð trúar- eða lífsskoðunum þeirra.**

**Mikill meirihluti hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju**
Frá árinu 1993 hafa skoðanakannanir ítrekað sýnt að mikill meirihluti Íslendinga er hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju. Samkvæmt könnun Capacent frá 2010 kemur í ljós að „Ríflega 73% þeirra sem taka afstöðu annað hvort með eða á móti aðskilnaði ríkis og kirkju segjast nú hlynnt honum en tæplega 27% eru andvíg aðskilnaði.“*
Er þetta sambærileg niðurstaða og fékkst 2009 en þá kom enn fremur fram að 70% þeirra sem tilheyra Þjóðkirkjunni eru hlynntir aðskilnaði ríkis og kirkju.
Í stuttu máli er mikill meirihluti allra Íslendinga, óháð trúarafstöðu, lífsskoðun eða trúfélagsskráningu hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju.

**Leyfum þjóðinni að kjósa**
Þó að mikill meirihluti Íslendinga vilji aðskilja ríki og kirkju telja undirrituð að vænlegast sé að stjórnlagaráð leggi fram sérstaka tillögu um afnám 62. greinar stjórnarskrárinnar sem verður síðan lögð undir dóm kjósenda í þjóðaratkvæði samfara kosningu um nýja stjórnarskrá. Þannig getur almenningur kosið sérstaklega um aðskilnað ríkis og kirkju óháð öðrum tillögum stjórnlagaráðs.

**Undirrituð:**
Aðgerðir til aðskilnaðar ríkis og kirkju (AARK).
Ásatrúarfélagið.
Búddistasamtökin SGI á Íslandi.
Séra Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar við Tjörnina.
Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju (SARK).
Siðmennt – félag siðrænna húmanista á Íslandi.
Vantrú.

**Heimild:**
*Capacent http://www.capacent.is/frettir-og-frodleikur/thjodarpulsinn/thjodarpulsinn/2010/10/06/Malefni-kirkjunnar/

SARK - Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju greiddu fyrir þessa auglýsingu.


# Styrkja á sáttaferlið í forræðisdeilum

**Ekki á að heimila dómurum að skera úr um sameiginlega forsjá barns með dómi. Efasemdaraddir eru annars staðar á Norðurlöndum um slíkar heimildir dómara, að sögn innanríkisráðherra. Frumvarpið sætti gagnrýni á Alþingi í gær.**

**ALÞINGI** Í frumvarpi um breytingar á barnalögum sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mælti fyrir á Alþingi í gær er lögð áhersla á að styrkja sáttaferlið í þeim tilvikum sem foreldrar geta ekki komið sér saman um forræði. Ekki á að heimila dómurum að skera úr um sameiginlega forsjá með dómi, að því er Ögmundur greinir frá.

„Sú leið var í frumvarpinu þegar það kom inn á mitt borð síðastliðið haust. Ég tók þá leið út með hliðsjón af því sem ég tel vera slæma reynslu annars staðar á Norðurlöndum hvað þetta snertir. Þar eru uppi ýmsar efasemdaraddir um ágæti þess fyrirkomulags. Danir eru til dæmis að leggja lokahönd á mikla úttekt um það mál.“

Ráðherrann segir það hafa sýnt sig að dómskerfið sé ekki alltaf í takt við veruleikann. „Markmiðið sem við stefnum að er að tryggja rétt barnsins við foreldra sína og að sú umgengni verði í eins mikilli fjölskyldusátt og hægt er.“

Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði á þingfundi í gær að þrátt fyrir aukna áherslu á sáttaleið myndu forræðismál engu að síður fara fyrir dómstóla. Hann benti á að rökstuðningurinn fyrir heimild dómara til að úrskurða sameiginlega forsjá væri ágætur í frumvarpinu.



**BARNALÖG** Breytingar á barnalögum eiga að styðja réttarstöðu barna. NORDICPHOTOS/GETTY

„Það er þess vegna undrunarefni að ráðherra taki heimildina út.“ Innanríkisráðherra vísaði í rannsóknir annars staðar á Norðurlöndum og vaxandi efasemdir um að reynslan þar væri góð. Guðmundur kallaði þá eftir rannsókn á reynslu af þessum málum á Íslandi.

Ögmundur segir frumvarpið fela í sér grundvallaruppstokkun og endurmat á barnalögum. „Það byggir á vinnu sem hefur staðið sleitulaust frá haustinu 2008. Það má segja að grundvallarstefið í þessu frumvarpi sé að skoða allt umhverfið frá sjónarhóli barnsins og markmiðið er að styðja réttarstöðu barns í hvívetna enda er vísað í samþykktir Sameinuðu þjóðanna um þau efni.“

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var fullgiltur á Íslandi árið 1992. Hann hefur ekki verið lögfestur en Alþingi samþykkti árið 2009 þingsályktunartillögu þess efnis. **ibs@frettabladid.is**





12. maí: Útibúið í Hamraborg, Hamraborg 8
19. maí: Útibúið á Selfossi, Austurvegi 20

Farið verður yfir núgildandi reglur á réttindum og greiðslum lífeyrisþega hjá Tryggingastofnun.

Skráning og nánari upplýsingar á vef bankans og í síma 410 4000.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000


Vatnaskil í dularfullu glæpamáli í Óðinsvéum:

# Lögreglan komin á sporið í morðmáli

**DANMÖRK** Lögreglan á Fjóni gæti verið komin á sporið með að leysa dularfullt morðmál sem hefur vakið mikla athygli um alla Danmörku. Lýst hefur verið eftir manni og hafa þegar borist fjölmargar ábendingar.

Hjónin Bjarne Johannessen og Heidi Nielsen voru skotin til bana á kvöldgöngu í skógi við Óðinsvé hinn 13. apríl síðastliðinn og hefur lögreglu lítt miðað í rannsókn sinni fram að þessu.

Fyrir nokkru fannst þó veski sem stolið hafði verið af Johannessen eftir morðin við húsnæði júdófélags skammt frá vettvangi glæpsins.

Sama kvöld og morðin áttu sér stað sást grunsamlegur maður við júdóklúbbinn, en hann sást einnig á upptökum úr öryggismyndavélum við sundlaug sama kvöld. Sundlaugin er einmitt miðja vegu milli morðvettvangsins og júdóklúbbsins.




**LÝST EFTIR MANNI** Lögreglan á Fjóni lýsir eftir manni sem gæti gefið mikilvægar upplýsingar um morð á miðaldra hjónum í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

Maðurinn sem lýst er eftir er um þrítugt og var með kringlótt gleraugu og ljósbrúnt kaskeiti. Lögregla leggur áherslu á að maðurinn sé ekki grunaður um morðin, en hún vilji þó ná tali af honum út af málinu. **- þj**





Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

# FYRIR BAÐIÐ

**ÓDÝRT OG GOTT**



P029 100 x 50 sm

Allt settið: **49.900** stgr.



P628 60 x 46 sm

Allt settið: **39.900** stgr.



HERT ÖRYGGISGLER

BAÐHLÍFAR

verð frá **12.900** stgr.



HERT ÖRYGGISGLER

STURTUHURÐAR 70, 80, 90 sm

**24.900** stgr.



STÆKKUNARSPEGILL Á ARMI

**2.500** stgr.



STURTUHLEMMAR

verð frá **3.900** stgr.



sh-58050

BAÐÁHÖLD – 6 hlutir í setti

**3.900** stgr.



HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
STURTU/BAÐTÆKI **14.900**



HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
STURTUTÆKI m/STÚT UPP EÐA NIÐUR **11.900**



STURTUBARKI **1.200**



DREIFARI Á KRANA **450**



STURTUHAUSAR MEÐ BARKA OG VEGGFESTINGU **1.750**



**12.900** stgr.

STURTUSTANGARSETT
BARKATENGT

verð frá **27.900** stgr.

STURTUSTÖNG
MEÐ HITASTÝRÐU
BLÖNDUNARTÆKI

**2.750** stgr.

STURTUSTANGIR
MEÐ STURTUHAUS
BARKA OG SÁPUSKÁL

## STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja



HERT ÖRYGGISGLER

ISO 9001

**24.900** stgr.

RÚNNAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90



HERT ÖRYGGISGLER

ISO 9001

**23.900** stgr.

KANTAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**JÖKULLINN HULINN** Á hæsta fjalli Þýskalands, Zugspitze (2.962m), hafa menn tekið til þess ráðs að hafa jökulinn undir striga frá maí fram í september ár hvert. NORDICPHOTOS/AFP

Sex mánuðir á skilorði:

## Barði mann með málmröri

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að berja annan mann í höfuðið með járn- eða álröri. Refsingin var skilorðsbundin til tveggja ára.

Fórnarlambið hlaut skurð á enni sem sauma þurfti saman.

Árásarmaðurinn játaði sök fyrir dómi. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða þeim sem hann sló skaðabætur að fjárhæð 376.125 krónur. Hann á ekki að baki neinn sakaferil svo vitað sé.

# Hlutur einkageirans of rýr

**Viðskiptaráð Íslands segir hátt hlutfall opinbera geirans í atvinnulífinu vera áhyggjuefni. Samkvæmt stuðningsstuðli hefur hlutur hins opinbera aukist um fimmtung frá árinu 2007. Átaks sé því þörf.**

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptaráð Íslands (VÍ) hefur áhyggjur af vexti hins opinbera miðað við einkageirann. Hlutfallið milli geiranna hefur aukist um fimmtung frá árunum fyrir hrun.

Í Skoðun, fréttabréfi VÍ, sem kemur út í dag, er sett fram ákveðin aðferð til að meta styrk hagkerfisins til að standa undir opinberri þjónustu. Með svonefndum stuðningsstuðli atvinnulífsins er fjöldi starfsfólks í einkageiranum borinn saman við þá sem hafa framfæri sitt af hinu opinbera, hvort sem er í formi launagreiðslna eða bóta.



FINNUR ODDSSON

Á síðasta ári var hlutfallið 1,54 opinbera geiranum í hag þar sem 125 þúsund starfsmenn voru á almennum vinnumarkaði á móti rúmlega 190 þúsund manns hjá hinu opinbera. Það er nær fimmtungi hærra hlutfall en var árið 2007 þegar stuðullinn var 1,29.

Að mati VÍ ber lægri stuðull vitni um sterkara hagkerfi, og því er hækkunin sem hefur orðið að undanförnu nokkurt áhyggjuefni.

„Við erum nú með opinberan geira sem er í samræmi við umsvif atvinnulífs eins og það var á bólutímanum,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri VÍ, í samtali við Fréttablaðið.

„Við höfum, eins og margir aðrir, kallað eftir því að opinber rekstur verði færður til baka í samræmi við núverandi efnahagsaðstæður. Það verður sársaukafull aðgerð, en því hraðar sem það gengur, því mun sterkara verður hagkerfið á eftir.“

Finnur leggur þó áherslu á að með þessum orðum sé ekki gert lítið úr mikilvægi opinberrar þjónustu eða velferðarkerfisins.

Í fréttabréfinu sé einmitt lögð áhersla á að atvinnulíf og heimilin í landinu séu ekki tveir aðskildir hópar, heldur séu hagsmunir þeirra samtvinnaðir.

Hagsæld til lengri tíma byggist hins vegar á öflugum einkageira sem sé forsenda þess að hið opinbera geti veitt nauðsynlega þjónustu.

„Atvinnurekstur á einkarekstrum forsendum mun á endanum draga hagkerfið upp úr kreppunni og skapa verðmæti til að standa undir lífsgæðum og velferð,“ segir Finnur.

Hann bætir því við að hjálplegt væri ef „umræða um atvinnumál endurspeglaði þetta samhengi í meiri mæli og að í aðgerðum stjórnvalda fælist hvatning til atvinnurekstrar frekar en hitt“.

thorgils@frettabladid.is



**VERK AÐ VINNA** Viðskiptaráð Íslands segir áhyggjuefni að vegur opinbera geirans í íslensku atvinnulífi sé að vaxa í hlutfalli við einkageirann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Danska stjórnin ætlar ekki að boða til þingkosninga:

## Vill ljúka umbótum fyrir kosningar

**DANMÖRK** Lars Lökke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, segist ekki ætla að rjúfa þing og boða til nýrra kosninga. Síðustu daga hefur heyrst sterkur orðrómur þess efnis en á sínum vikulega blaðamannafundi í gær sagði Lökke að slíkt væri honum ekki efst í huga.

Hægriflokkarnir sem eru nú við völd hafa verið að rétta úr kútnum í skoðanakönnunum undanfarið þar sem áður rífleg forysta vinstriflokkanna hefur dregist jafnt og þétt saman. Því telja margir stjórnmálaskýrendur að Lökke nýti sér tækifærið og blási jafnvel til kosninga í þessari viku.

„Í Danmörku er kosið á fjögurra ára fresti og yfirstandandi kjörtímabili lýkur í nóvember. Það er sá tímarammi sem við höfum til afnota og margt liggur fyrir okkur,“ sagði Lökke á fundinum.

Hann sagði að mörg stórmál þyrfti að klára áður en gengið yrði til kosninga. Þar á meðal væri frumvarp um stefnumótun til ársins 2020 þar sem gert væri ráð fyrir miklum breytingum á eftirlaunakerfinu. Meðal annars verður eftirlaunaaldur hækkaður í þrepum en auk þess eru boðaðar breytingar á skattakerfi, námsstyrkjum og þar fram eftir götunum.



**LARS LÖKKE RASMUSSEN** Forsætisráðherra Danmerkur segist ekki hafa hugsað sér að boða til kosninga. GETTYIMAGES/AFP

Gert er ráð fyrir að spara um 47 milljarða danskra króna á tímabilinu til að koma jafnvægi á ríkisfjármálin.

Lökke vildi þó ekki útiloka neitt þar sem hann sagði að mögulega yrði nauðsynlegt að boða til kosninga eftir að umbótafrumvarpinu yrði komið í gegn. - þj


KYNNINGAFUNDIR
VEGNA KJARASAMNINGS
RSÍ OG SA/SART
Á ALMENNA MARKAÐNUM

**Fimmtudagur 12. maí.**
*Sauðárkrókur kl. 12 á Mælifelli, Aðalgötu 7.*
*Akureyri kl. 18 á Strikinu, Skipagötu 14.*
**Föstudagur 13. maí.**
*Akranes kl. 12 á Gamla kaupfélaginu.*
**Mánudagur 16. maí.**
*Reykjavík kl. 12 á Grand hótel, Sigtúni 38.*
*Reyðarfjörður kl. 18 í fundarsal AFLs Búðareyri 1.*
**Þriðjudagur 17. maí.**
*Selfoss kl. 12 á Hótel Selfoss.*
**Miðvikudagur 18. maí.**
*Suðurnes kl. 12 á Flughóteli.*

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | sími: 580 5200 | Fax: 580 5220 | rsi@rafis.is

GSM ferðahleðslutæki á 25% afslætti
Viðskiptavinir Símans fá 25% afslátt af GSM aukahlutum í dag!
Magnaðir miðvikudagar!
Síminn

# GLEÐILEGT HLAUPASUMAR!



Í FRÁBÆRUM HLAUPASKÓM FRÁ

**asics**®

Sérfræðingur frá Asics leiðbeinir við val á hlaupaskóm milli **KLUKKAN 16 OG 19**
Í DAG, MIÐVIKUDAG Í **INTERSPORT LINDUM**



**21.990**

**ASICS GEL-CUMULUS 12**
Hlaupaskór með gel-dempun undir tábergi og hæl.
Dömu- og herrastærðir.



**18.990**
(fullt verð 21.990)

**ASICS GT 2160**
Hlaupaskór með innanfótarstyrkingu og gel-dempun undir tábergi og hæl. Dömu- og herrastærðir.



**25.990**

**ASICS GEL NIMBUS 12**
Hlaupaskór með gel-dempun undir tábergi og hæl.
Dömustærðir.



**13.990**

**ASICS GEL BLACKHAWK 4**
Hlaupaskór með gel-dempun í hæl.
Dömustærðir.



**27.990**

**ASICS GEL KAYANO 17**
Hlaupaskór með innanfótarstyrkingu og gel-dempun undir tábergi og hæl. Dömustærðir.



**25.990**

**ASICS GEL NIMBUS 12**
Hlaupaskór með gel-dempun undir tábergi og hæl.
Herrastærðir.



**13.990**

**ASICS GEL BLACKHAWK 4**
Hlaupaskór með gel-dempun í hæl.
Herrastærðir.



**27.990**

**ASICS GEL KAYANO 17**
Hlaupaskór með innanfótarstyrkingu og gel-dempun undir tábergi og hæl. Herrastærðir.

**INTERSPORT**

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju flytur Actavis höfuðstöðvar sínar?

## Á flótta undan ofursköttum

Lyfjafyrirtækið Actavis hefur formlega opnað nýjar höfuðstöðvar í borginni Zug í Sviss. Höfuðstöðvarnar hafa verið fluttar frá Íslandi, þótt fyrirtækið hafi áfram heimilisfesti hér og borgi hér skatta sína og skyldur.

Actavis hefur lagt sig í framkróka við að útskýra að fyrirtækið eigi rætur á Íslandi, muni áfram hafa hér mikla starfsemi og sé að ráða tugi eða hundruð nýrra starfsmanna til að sinna rannsóknum og framleiðslu lyfja. Engu að síður er ástæða til að hafa áhyggjur af flutningi höfuðstöðvanna.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ein skýringin sem hefur verið gefin á flutningi höfuðstöðva fyrirtækisins til Sviss er að nú þegar sé stór hluti framkvæmdastjórnar þess erlendir ríkisborgarar. Framkvæmdastjórnin ferðist mikið og fólk eigi auðveldara með að hittast miðsvæðis í Evrópu en á Íslandi. Önnur er sú að aðgangur fyrirtækisins að mannauði sé auðveldari á meginlandi Evrópu; í Sviss sé Actavis í nálægð við önnur stór fyrirtæki í lyfjageiranum og geti laðað til sín stjórnendur og sérfræðinga frá þeim.

Ef við tökum þessar skýringar góðar og gildar getum við átt von á að fleiri íslenzk fyrirtæki með alþjóðlega starfsemi og alþjóðlegan starfsmannahóp sjái sig knúin til að færa höfuðstöðvar sínar til útlanda. Í tilviki Actavis flytja 20 íslenzkir starfsmenn og fjölskyldur þeirra til Sviss. Allt er þetta fólk með góða menntun og há laun. Brottflutningur þess er blóðtaka fyrir íslenzkt samfélag.

Vilji íslenzk stjórnvöld vinna á móti þeim ókostum sem lega landsins og fámenni þjóðarinnar eru þegar stórfyrirtæki velja höfuðstöðvum sínum stað þurfa þau að huga að því að bjóða betur en önnur lönd á öðrum sviðum. Ísland hefur upp á margt að bjóða; ágætt velferðarkerfi og menntakerfi, svo dæmi séu tekin, þótt efast megi um að þar sé gert betur en til dæmis í Sviss. En hver eru skilaboðin til fólks með góðar tekjur sem veltir því fyrir sér hvort hagstætt sé að búa á Íslandi? Ríkisstjórnin hefur hækkað til muna skatta á háar tekjur og í stjórnarliðinu eru hugmyndir um að gera enn betur; skammt er síðan settar voru fram hugmyndir um 60-70% skatta á „ofurlaun“ vegna umræðna um laun tveggja bankastjóra.

Þarna stendur einmitt hnífurinn í kúnni. Þegar Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi, var í viðtali í Viðskiptablaðinu spurð um áformin um flutning höfuðstöðvanna svaraði hún því til að þegar stórfyrirtæki veldu stað fyrir höfuðstöðvar sínar horfðu þau ekki eingöngu til eigin hagsmuna, heldur einnig hagsmuna starfsfólksins. Erfitt væri að fá gott fólk til starfa ef skattar á laun væru of háir. Guðbjörg vísaði til umræðnanna um 70% ofurskattþrepið og benti á að skattaumhverfið í Sviss væri ekki eingöngu hagstætt fyrirtækjum, heldur líka starfsfólki þeirra.

Afleiðingarnar af flutningi höfuðstöðva Actavis eru að nú borga 20 íslenzkir hálaunamenn skatta í Sviss, en ekki á Íslandi. Þeir leggja þá ekkert í sameiginlegan sjóð Íslendinga, þótt þeir starfi áfram fyrir íslenzkt fyrirtæki.

Ef stjórnvöld vilja koma í veg fyrir að fleiri íslenzk, alþjóðleg fyrirtæki fari sömu leið er skattpíningarstefnan ekki rétta leiðin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

motus – leysum málin

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Forskriftin

Kaldhæðni örlaganna hefur hagað málum þannig að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra stendur nú í nokkurn veginn sömu sporum og Björn Bjarnason gerði fyrir nokkrum árum og varð fyrir vikið andlag mikilla skamma frá Jóhönnu. Eins og Björn gerði þá hefur Jóhanna nú brotið jafnréttislög. Í stað þess að fá úr málinu skorið fyrir dómstólum ákvað Björn að semja við Hjördísi Hákonardóttur um málalyktir. Jóhönnu hefur ekki þótt hún hafa fetað nægilega í fótspor Björns, því í gær bárust fregnir af því að hún hefði sömuleiðis ákveðið að leita sátta við Önnu Kristínu Ólafsdóttur.



### Rúðubrot

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra varð fyrir þeirri leiðinlegu lífsreynslu um helgina að fá þrjá grjóthnullunga inn um gluggann heima hjá sér þar sem hann sat og horfði á sjónvarpið. Ögmundur hefur lítið viljað tjá sig um atlöguna en var eðlilega brugðið.

### Augu annarra

Þótt sannarlega sé ólíku saman að jafna er kannski ekki úr vegi að rifja upp ríflega fimm ára gamlar þingumræður um lögreglulög. Þar vék Ögmundur orðum að mótmælunum miklu í Seattle árið 1999 vegna fundar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og nefndi sérstaklega að þar hefðu rúður verið brotnar. Ögmundur sagði að í augum ráðstefnuhaldara hefðu þar eflaust verið framin skemmdarverk, en í hans augum og tugmilljóna annarra væri verið að koma á framfæri öflugum mótmælum gegn stefnu stofnunarinnar. „Skemmdarverk í augum eins getur verið þjóðþrifaverk í augum annarra,“ bætti hann við.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Gaman að vinna hjá ÍTR

Tómstundir





Hera Sigurðardóttir og Unnur Gísladóttir
starfsmenn hjá Kringlumýri, ÍTR

Samþykkt hefur verið í borgarráði að sameina tómstundasvið ÍTR og menntasvið Reykjavíkurborgar. Í umræðunni hefur mikið verið rætt um frístundaheimilin en þau sinna frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn. Tómstundasvið ÍTR inniheldur einnig félagsmiðstöðvar fyrir 10-16 ára börn og unglinga, frístundaklúbba fyrir 6-16 ára börn og unglinga með fatlanir og Hitt húsið sem sinnir starfi fyrir 16-25 ára ungmenni.

Borginni er skipt upp í 6 frístundamiðstövar sem settar voru á laggirnar ein af annarri upp úr 2000. Síðan þá hefur starfinu fleygt fram í þróun fagvitundar, eflingu mannauðs, hækkun á menntunarstigi starfsmanna og fjölgun félagsmiðstöðva.

Það er gefandi og gaman að vinna í félagsmiðstöð og þeir sem hafa fengið tækifæri til að starfa með unglingum hjá ÍTR geta vottað það að andinn sem þar ríkir nærir mann á einhvern hátt sem erfitt er að útskýra ókunnugum. Þetta er vinnuumhverfi þar sem fólk fær að nýta hæfileika sína, menntun og áhugamál. Það er hvatt til að hugsa skapandi, boðleiðir eru stuttar og þar af leiðandi auðvelt að hafa áhrif. Það er því engin furða að ÍTR skorar hátt á viðhorfskönnunum þjónustuþega starfsins. Unglingar, foreldrar og starfsfólk eru ánægð með ÍTR.

Það hefur ekki farið eins hátt hvað verður um alla þessa starfsemi og þykir okkur það óásættanlegt. Þar sem við höfum áralanga reynslu af starfi með unglingum í félagsmiðstöðvum langar okkur að varpa fram nokkrum spurningum um hvað þessi sameining felur í sér fyrir frístundastarf með unglingum í borginni okkar með tilliti til þróunar fagsins undanfarin ár. Hvað felur þessi sameining í sér? Mun starfið halda áfram í óbreyttri mynd? Hvað verður um frístundamiðstöðvarnar sem hafa eytt miklum tíma og peningum í að sérhæfa sig og sitt starfsfólk í að vinna eftir ákveðnum hugmyndafræðum? Hvað verður um sumarstarf félagsmiðstöðvanna? Hvað verður um sérhæfð verkefni og starf með 16 ára og eldri? Hvar er verið að spara?

Það sem einkennir starfsfólk ÍTR er að það er móttækilegt fyrir nýjum hugmyndum, alltaf til í að takast á við ný verkefni, endurskoðun og endurlit. Við erum tilbúin að skoða jákvæðar breytingar en við erum ekki tilbúin að fórna þróun síðustu 25 ára, metnaðarfullri uppbyggingu faglegs frítíma og fagstarfi fyrir vanhugsaða og illa kynnta sameiningu sviða sem gæti hugsanlega orðið til að við séum að taka skref aftur á bak í stað þess að stíga fram á við. Eða hvað?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nýr andi laganna nái til stöðu Mehdi

Flóttafólk

Toshiki Toma
prestur innflytjenda



Atburðurinn um síðustu helgi, þegar hælisleitandi frá Íran, Mehdi Pour, sagðist myndu kveikja í sér, á skrifstofu Rauða Kross Íslands í Efstaleiti var áfall fyrir margt fólk, ekki síst sjálfan mig. Hann varð þar með sjálfum sér og öðrum hættulegur, enda hann var yfirbugaður af lögreglumönnum. Eins og fréttir hermdu ítarlega sótti Mehdi um hæli á Íslandi árið 2005 og hefur verið að berjast fyrir rétti til að dveljast hér á landi í sjö ár.

Venjulegt ferli meðferðar um hælisumsókn byggir á tveimur stigum. Á fyrra stigi er kveðinn upp úrskurður hjá Útlendingastofnun og ef viðkomandi er ekki sáttur við þann úrskurð getur hann áfrýjað úrskurðinum til innanríkisráðuneytisins og er þá málið komið á annað stig. Ef viðkomandi er enn ósáttur við úrskurð ráðuneytisins á viðkomandi rétt á að höfða málið við héraðsdómstóla en samt hindrar það ekki að yfirvöld geta vísað viðkomandi hælisleitanda á brott úr landinu. Mehdi hafði farið alla þessa leið í kerfinu undanfarin sjö ár nema að ekki var búið að vísa honum burt úr landi.

Jafnvel þótt hælisleitandi hafi fengið endanlega synjun hjá innanríkisráðuneytinu getur hann dvalið áfram á Íslandi.

Helstu ástæður þess eru t.d.:

A) Hætta á ofsóknum eða pyntingum eru til staðar í heimalandi umsækjanda (þó að hann uppfylli ekki kröfur til þess að fá stöðu sína sem flóttamaður viðurkennda).

B) Ekki er hægt að sýna fram á hvaðan umsækjandi kemur eða mögulegt heimaland umsækjanda afneitar honum sem ríkisborgara og neitar að taka við honum.

C) Sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða mannúðarsjónarmið mæla með því að brottvísun sé frestað.

Að mínu viti eru fjórir eða fimm hælisleitendur við á Íslandi núna sem hafa eytt meira en fimm árum í biðstöðu eftir að hafa fengið synjun um hæli. Mehdi er einn þeirra. Undir þessum kringumstæðum geta þeir ekki búið sér venjulegt líf eins og venjulegt fólk gerir. Þeir geta ekki gert neinar áætlanir eins og að kaupa sér íbúð, eignast lífsförunaut, barn og svo framvegis.

Til þess að bæta úr þessum háskalegu aðstæðum breyttust lögin í síðasta hausti og núna mega yfirvöld gefa dvalarleyfi hælisleitanda sem hefur haft dvalarleyfi til bráðabirgða (veikara leyfi en almennt tímabundið dvalarleyfi) lengur en tvö ár.

Í viðtali við Vísir.is hinn 6. maí sl. sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra meðal annars: „Reglunum hefur verið breytt, til hins betra að mínu mati og ekki hægt að tala um að hann (Mehdi) hafi verið að velkjast um í kerfinu.“ Hann sagði að viðbrögð Mehdi hefðu hugsanlega byggst á misskilningi.

Ég fagna orðum Ögmundar og vona að hann beiti Útlendingastofnun þrýstingi til að skoða málið aftur sem allra fyrst í „ljósi og anda hinnar nýju lagabreytingar“. Lagabreytingarnar sem samþykktar voru á Alþingi síðasta haust eru til að tryggja lágmarksmannréttindi hælisleitenda á þeirri forsendu og viðurkenningu að ekki er hægt að staðfesta eða skýra allar sögur hælisleitenda þrátt fyrir margra ára rannsóknir, af ýmsum ástæðum. Mér skilst að nú sé þessi nýi andi laganna orðinn um málefni hælisumsóknar, en engu að síður sýnist mér eins og starfshættir Útlendingastofnunar byggist áfram á gömlu lögunum. Að sjálfsögðu þekki ég ekki vinnubrögð Útlendingastofnunar til hlítar og því ætla ég ekki að gagnrýna hana einhliða, en samt get ég ekki séð neina skýra breytingu í viðhorfi Útlendingastofnunar varðandi mál Mehdis. Ég tel að stofnunin þurfi a.m.k. að sýna fram á helstu ástæður þess að hún getur ekki útvegað Mehdi almennt dvalarleyfi eftir að málið er orðið opinbert með þessum hætti.

Nú er boltinn hjá Útlendingastofnun og einnig innanríkisráðuneytinu. Ég óska innilega að yfirvöld okkar sýni almenningi áþreifanlega að lögum um hælismál hafi verið breytt.

> Ég fagna orðum Ögmundar og vona að hann veiti Útlendingastofnun þrýstingi til að skoða málið aftur sem allra fyrst í „ljósi og anda hinnar nýju lagabreytingar“.

## AF NETINU

### Íslenska efnahagsundrið, í alvöru

En hitt þykir mér undarlegt að aftur virðast Íslendingar forðast að líta í þann spegil sem erlendir fjölmiðlar draga fram, jafnvel þó að myndin sem þar birtist sé mun fegurri en sú sem dreginn var upp árið 2006. Hagstjórn Íslendinga, sem áður var gert grín að, hlýtur nú aðdáun víða um heim og ríki sem hafa farið óvarlega, svo sem Dubai, eru ekki lengur kölluð nöfnum eins og „Ísland eyðimerkurinnar“.

dv.is/blogg/skotgrofin

Valur Gunnarsson

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir

Þjóðhagsleg áhrif orkunýtingar
Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík og Samál standa fyrir fundaröð um orkumál í Háskólanum í Reykjavík, Herkúles 5, 2. hæð
Föstudaginn 13. maí kl. 8.30 - 10.00
Dagskrá:
Mat á flæði beinnar erlendrar fjárfestingar í orkufrekan iðnað á Íslandi
Dr. Helga Kristjánsdóttir, hagfræðingur
Orkutengd verkefni til atvinnuuppbyggingar
Þórður Hilmarsson, forstöðumaður hjá Íslandsstofu
Þjóðhagslegur ávinningur orkutengds iðnaðar
Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samáls
Fundarstjóri: Gunnar Guðni Tómasson, deildarforseti Tækni- og verkfræðideildar HR
Fundurinn er opinn og aðgangur ókeypis.
Skráning á www.si.is
Ár nýsköpunar
samál
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

Deloitte.
Skattar, gjöld og hagvöxtur 2005 og 2011
Hvað hefur breyst?
Deloitte heldur morgunverðarfund um skattabreytingar og tengsl skattheimtu og hagvaxtar í Turninum, 20. hæð fimmtudaginn 12. maí kl. 8.15–10.00
Skattheimta og hagvöxtur
Ragnar Árnason prófessor.
Fundarstjórn
Þorvarður Gunnarsson, forstjóri Deloitte.
Þróun skatta og gjalda 2005–2011
Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte.
Samantekt
Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Eimskipafélags Íslands.
Skráning á www.deloitte.is, netfanginu skraning@deloitte.is og í síma 580 3000. Léttur morgunverður innifalinn • Verð kr. 2.500.
SVÞ Samtök verslunar og þjónustu
PIPAR\TBWA • SÍA • 103306

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir

17. júní í Reykjavík



# Dagskráratriði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Í dagskránni er gert ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum **www.17juni.is** en umsóknum má einnig skila í **Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík** á eyðublöðum sem þar fást. Umsóknarfrestur er til 12. maí.

Upplýsingar í síma 411 5502 eða á **17juni@hitthusid.is**

Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is www.17juni.is


# Höll tónlistarinnar, hús fólksins

Menning




**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
alþingismaður


Hún er risin, Harpa okkar er mætt á staðinn á fallegum stað við Austurhöfnina í Reykjavík. Ekki degi of snemma. Því eru þó ekki allir sammála. Sumir vildu reyndar strax á erfiðum haustdögum ársins 2008 hætta öllum framkvæmdum og aðrir jafna húsið við jörðu. Kannski að einhverju leyti skiljanleg viðbrögð á þeim tíma en sem betur fer varð enginn einhugur um þá leið.

Í desember 2008 við fjárlagagerðarvinnu fyrir árið 2009 var þó fólk úr öllum flokkum sem lagði hart að þáverandi ábyrgðarmönnum framkvæmdarinnar, ráðherrum og borgarstjóra að fresta öllum aðgerðum við húsið, einhverjir til að fara auðveldu leiðina við að brúa fjárlagabilið en aðrir vegna rótgróinnar andstöðu við tónlistarhúsið sjálft. Í þessu sem öðru voru þetta skrýtnir tímar.

Í ríkisstjórn er eðlilegt að hver fagráðherra haldi uppi ákveðnum vörnum og sjónarmiðum vegna framgangs verkefna sem undir hans ábyrgðarsvið heyra. Að sama skapi er ekki alltaf hægt að vænta stuðnings frá öðrum ráðherrum, ekki síst þegar erfiðir tímar blasa við. Þeir ráðherrar sem enn sitja í ríkisstjórn frá árinu 2008 sýndu verkefninu um tónlistar- og ráðstefnuhús engan sérstakan áhuga meðan að þáverandi fjármálaráðherra en ekki síst forsætisráðherra, Geir H. Haarde, fylgdist með hverju skrefi sem tekið var og studdi þær ákvarðanir sem fyrir voru lagðar vegna fjárlagagerðarinnar. Svo verkefnið héldi áfram og yrði klárað.

Borgarstjóri þáverandi stóð einnig vaktina í lok árs 2008 og hélt henni síðan áfram í samvinnu við núverandi mennta- og menningarmálaráðherra sem eflaust varð líka fyrir þrýstingi ýmsum. Eiga þær stöllur, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Katrín Jakobsdóttir mikinn heiður skilinn.

Talandi um erfiða tíma þá hefði einnig verið afar þungbært að hætta framkvæmdum og þar með ákveða að um 600 Íslendingar, eins og smiðir, verkfræðingar, pípарar, hönnuðir, tæknifræðingar, rafvirkjar, hefðu misst vinnuna á sama tíma og atvinnustig var hríðlækkandi í landinu. En einhvern veginn er eins og önnur lögmál gildi þegar kemur að uppbyggingu á sviði menningarmála. Eins og það sé erfitt að hugsa menninguna í stærra samhengi.

Með Hörpu var tekinn slagur; slagur fyrir okkar glæsilegu Sinfóníuhljómsveit og eflingu tónlistar enn frekar í landinu. Sá slagur byrjaði fyrir meira en þremur áratugum og hefur staðið yfir sleitulaust síðan með hæðum og lægðum. Þar hafa margir lagt gjörva hönd á plóg sem seint verður fullþakkað.

Mesta orrahríðin um framtíð Hörpu á lokadögum ársins 2008 sýnir að miklu skiptir að auka skilning á þeim andlegu og veraldlegu verðmætum sem listsköpun margs konar hefur fyrir samfélagið allt til lengri og skemmri tíma. Þar holar dropinn steininn.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa mun hafa mikil áhrif á menningarlíf og ferðamannaþjónustu okkar Íslendinga. Árið 2005 þegar tilkynnt var um hvaða tillaga hefði verið valin fyrir tónlistar- og ráðstefnuhúsið sagðist ég vona að við uppbygginguna hússins yrði haft hugfast að þessi höll tónlistarinnar yrði um leið hús fólksins í landinu.

Á fyrstu dögum Hörpu eru sterk teikn á lofti að svo verði. Fullt er á fjölbreytta tónleika og viðburði margs konar langt fram í tímann. Öflugt fólk er við stjórnvölinn sem þekkir vel af mikilli reynslu þjóðarpúls okkar Íslendinga og hvaða aðdráttarafl þarf til að laða að útlendinga. Við sjáum það í löndum í kringum okkur hve vel rekin menningarhús með áhugaverðan og metnaðarfullan arkitektúr geta haft mikla þýðingu fyrir umhverfið sjálft. Nægir að nefna Óperuhúsin í Ósló og Kaupmannahöfn eða Guggenheimsafnið í Bilbao.

Harpa er falleg, hún segir okkur að leggja ekki árar í bát heldur halda áfram, hún er fyrirheit um bjartsýni og ný tækifæri. Að við eigum að gefa sköpunarkraftinum lausan tauminn. Og njóta þess. Til hamingju með Hörpu.

> Harpa er falleg, hún segir okkur að leggja ekki árar í bát heldur halda áfram, hún er fyrirheit um bjartsýni og ný tækifæri.

# Ofbeldi gegn börnum á netinu

Barnavernd




**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnisstjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi


Kynferðisofbeldi gegn börnum er alvarlegt vandamál um heim allan. Myndefni á netinu, þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, er ein birtingarmynd þess ofbeldis. Slíku efni hefur lengi verið dreift manna á meðal en með tilkomu netsins hefur umfangið aukist til muna og erfiðara er stemma stigu við því og uppræta það.

Öll skoðun, öflun, varsla og dreifing á slíku efni er ólögleg og brot á réttindum barna. Að framleiða slíkt efni er ofbeldi gegn barni, en skoðun á slíku efni er líka ofbeldi. Vitneskja barnsins um að myndefni af því hafi verið dreift eykur enn frekar á þann mikla sálræna skaða sem barnið hefur þegar orðið fyrir vegna ofbeldisins. Hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Í gagnagrunni alþjóðalögreglunnar Interpol er að finna eina milljón mynda þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi. Talið er að allt að 20 þúsund börn séu á myndunum. Hins vegar hefur Interpol aðeins upplýsingar um að 800 þessara barna hafi fundist og fengið stuðning. Stærstur hluti myndefnis, þar sem börn eru beitt ofbeldi, er vistaður á netþjónum í löndum utan Evrópu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi starfrækir ábendingalínu þar sem fólk getur tilkynnt ef það verður vart við efni á netinu þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur fyrir nafnlausar ábendingar um myndefni á netinu þar sem börn eru beitt ofbeldi eða börn eru sýnd á kynferðislegan og óviðeigandi hátt. Með því að senda ábendingar, getur almenningur lagt hönd á plóg við að loka vefsíðum með efni, þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi, og stuðlað að því að gerendur og þolendur finnist. Ábendingarnar eru þannig liður í að stöðva ofbeldið. Þáttur netþjónustuaðila er einnig afar mikilvægur í baráttunni. Hafi þeir vitneskju um ólöglegt efni á vefsíðum sínum, ber þeim að loka síðunum og hindra aðgang að efninu. Þjónustuveitendur, sem hýsa efnið, geta borið refsiábyrgð á hýsingunni hafi þeir vitneskju um hvers eðlis efnið er.

Á undanförnum árum hafa í auknum mæli borist ábendingar um myndefni af íslenskum börnum og unglingum á samskiptasíðum og svokölluðum félagsnetsíðum, þar sem hver og einn getur sett inn efni og myndir nafnlaust. Það er mikilvægt að brýna fyrir börnum og unglingum að leyfa aldrei að teknar séu af þeim myndir, sem þau vilja ekki að rati inn á netið. Liður í því er að börn þekki rétt sinn og geti varið sig, að foreldrar séu á varðbergi og uppfræði börn sín sem og að þeir, sem vinna með börnum, hafi þekkingu á þessum málum og augun opin. Fræðsla til barna og foreldra um netöryggi er mikilvæg til að börn geti varið sig fyrir hættum á netinu.

Þótt erfitt sé að uppræta efni, sem eitt sinn er komið á netið, er mikilvægt að gera allt sem mögulegt er til að stöðva dreifingu þess, finna fórnarlömbin og koma þeim til hjálpar. Virkt eftirlit með kynferðisofbeldi gegn börnum á netinu og þátttaka almennings í slíku eftirliti er afar mikilvæg.

> Fræðsla til barna og foreldra um netöryggi er mikilvæg til að börn geti varið sig.


Nýgerður kjarasamningur



**VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna**
heldur félagsfund í kvöld 11. maí, kl. 20 að Stórhöfða 25, 4.hæð.

Efni fundarins:
**Nýgerður kjarasamningur**

**Félagsmenn eru hvattir til að mæta**

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is
- okkur er annt um þinn hag

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR



Þvottadagar 2011
AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í NÍU MÁNUÐI
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
Gerið hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!

# Tengslaþörf komin á dagskrá

Uppeldi

Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir og einn forsvarsmanna Miðstöðvar foreldra og barna



Í grein í Fréttablaðinu 3. maí vekur Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra athygli á góðum árangri Íslendinga í mæðravernd og ungbarnaeftirliti. Hvergi í heiminum er dánartíðni ungbarna lægri en hér. Þetta er ekki sjálfsagður hlutur þegar haft er í huga að 40% barna sem deyja í heiminum innan fimm ára aldurs eru yngri en fjögurra vikna gömul. Í þessu samhengi hvetur ráðherra okkur til að styrkja þróunarlöndin til að efla mennta- og heilbrigðiskerfi sitt og búa þannig mæðrum og börnum betri lífsskilyrði.

Í samanburði við þróunarlöndin hafa íslenskar mæður og börn ekki ástæðu til að kvarta. Íslenskt heilbrigðisstarfsfólk veit upp á hár hvað þarf til að koma barni lifandi í heiminn og gerir allt sem í mannlegu valdi stendur til að halda móður og barni á lífi. Ef við berum okkur hins vegar saman við nágrannalöndin er ljóst að við stöndum þeim langt að baki í heilbrigðisþjónustu við börn yngri en fimm ára og foreldra þeirra. Eins og í þróunarlöndunum stafar slæleg staða okkar að stórum hluta af þekkingar- og menntunarskorti. Þótt nokkuð hafi miðað í framfaraátt á undanförnum árum er þekking á tilfinningalegum þörfum ungbarna enn í skötulíki. Við tökum alls ekki nægilegt mið af tengslaþörf ungra barna og gefum því takmarkaðan gaum hversu mikil áhrif viðmót fullorðinna hefur á sjálfsmynd barna og heilsu. Rannsóknir í taugavísindum hafa sýnt að örugg og ánægjuleg tengsl við þá sem annast barnið byggja upp þann hluta barnsheilans sem sér um samskipti og félagslega færni þegar fram líða stundir. Aftur á móti valda óviðeigandi og ófyrirsjáanleg viðbrögð ungum börnum mikilli streitu sem getur dregið úr vexti heilans, veikt ónæmiskerfið og valdið margvíslegum þroska- og heilsufarsvanda fram á fullorðinsár.

Í nýlegum sjónvarpsþætti á RÚV, „Villtar mæður og afkvæmi þeirra“, sagði David Attenborough að mæður spendýra gæfu börnum sínum ekkert dýrmætara en tíma. Mannabörn eru ekkert öðruvísi en önnur spendýr hvað þetta varðar. Þau þarfnast tíma sinna nánustu. Börn þurfa sárlega á því að halda að foreldrar sýni þeim umhyggju og áhuga og bregðist við þörfum þeirra jafnt og þétt. Flest börn eru svo lánsöm að eiga foreldra og fjölskyldu sem uppfylla þessar þarfir. Önnur eiga foreldra sem þurfa stuðning til þess að geta sett þarfir þeirra í forgang, ýmist í formi fræðslu, hagnýtrar aðstoðar eða sérhæfðrar meðferðar. Þarna þarf að efla okkar annars ágæta velferðar- og menntakerfi. Bæta þarf menntun á heilbrigðissviði, breyta áherslum í heilsugæslu og vekja almenning og ráðamenn til vitundar um að viðvarandi streita ungra barna er ekki síðri ógn við heilsu þeirra en vannæring.

Dagana 10.-14. maí munu Kiwanis-samtökin standa fyrir sölu K-lykilsins og verður hluta ágóðans varið til þess að byggja upp Miðstöð foreldra og barna. Miðstöðinni er ætlað að fylla í tómarúm í íslensku heilbrigðiskerfi með því að veita meðferð þeim foreldrum sem eiga í erfiðleikum með að tengjast ungum börnum sínum, t.d. vegna áfalla, þunglyndis eða annars geðheilsuvanda. Það hefur reynst þungur róður að koma slíkri starfsemi á laggirnar, en í framtíðinni hlýtur geðheilbrigðisþjónusta við ung börn og foreldra að verða jafn sjálfsagður hlutur og hefðbundin mæðravernd og ungbarnaeftirlit. Við sem stöndum að Miðstöð foreldra og barna teljum löngu tímabært að bæta þjónustu við þennan hóp. Okkur finnst óverjandi að ung börn og foreldrar í bráðum vanda séu látin bíða lengur eftir að það kvikni á perunni hjá stjórnmálamönnum. Þess vegna leitum við liðsinnis almennings. Sem samfélag höfum við náð að tryggja að sem flest börn fæðist lifandi. Nú þurfum við að taka höndum saman og hlúa að tilfinningalegum þörfum barna, draga úr streituvöldum og leggja með því grunn að farsæld í lífi þeirra.

> Okkur finnst óverjandi að ung börn og foreldrar í bráðum vanda séu látin bíða lengur.

Nú geturðu tilkynnt flutning á netinu



www.skra.is

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BOB MARLEY** tónlistarmaður (1945-1981) lést þennan dag.

*„Skemmtun dagsins í dag er daprar hugsanir morgundagsins.“*



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn, frændi og vinur*

**Eggert Örn Helgason**

Dalhúsum 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 6. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Hólmfríður Eggertsdóttir**
**Helgi Helgason**
**Helgi Helgason**
**Stefán Þór Helgason**
**Karen Rakel Óskarsdóttir**
**Inga Rut Helgadóttir**
**Ísak Rafn Helgason**
**Þórunn Þorgeirsdóttir**
**frændsystkini og vinir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi*

**Ingi Ingimundarson**

hæstaréttarlögmaður
Hlíðartúni 4b, Mosfellsbæ,

lést á Landakotsspítala sunnudaginn 8. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hólmfríður Jóhannesdóttir**
**Margrét Ingadóttir**
**Hólmfríður Stefánsdóttir**
**Ingi Freyr Stefánsson**
**Elín Erla Ingadóttir**
**og aðrir aðstandendur**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón G. Guðmundsson**

Austurströnd 8,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 12. maí. Athöfnin hefst klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Helga Jónsdóttir**
**Birgir Thoroddsen**
**Einar S. Jónsson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Gunnar Jónsson**

Birkivöllum 11, Selfossi,

andaðist á heimili sínu 3. maí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 13. maí kl. 13.30.

**Þór Stefánsson**
**Sigríður Waage**
**Jóhanna H. Magnúsdóttir**
**Kristín B. G. Marx**
**Erhard Marx**
**Stefán Þór Gunnarsson**
**Elísa Rós Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími 571 0400 granit@granit.is



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Kjarval**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 9. maí sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hrafnhildur Tove Kjarval**
**Robin Løkken**
**Jóhannes S. Kjarval**
**Gerður Helgadóttir**
**Kolbrún S. Kjarval**
**Ingimundur S. Kjarval**
**Temma Bell**
**María S. Kjarval**
**Nielserik Hald**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðrún Guðbjörg Guðmundsdóttir Karvels**

frá Súgandafirði,

lést 1. maí.
Útför fer fram 14. maí kl. 14.00 frá Suðureyrarkirkju.

**Hlíf Pálsdóttir**
**Magnús Daníel Ingólfsson**
**Sigríður H. Pálsdóttir**
**Guðmundur A. Ingimarsson**
**María Pálsdóttir**
**Einar Jónsson**
**Amalía Pálsdóttir**
**Sverrir G. Guðmundsson**
**Friðbert Pálsson**
**Guðmundur Karvel Pálsson**
**Gunnhildur Hálfdánardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær sonur okkar og bróðir*

**Tryggvi Jón Jónatansson**

Eyrarvegi 18, Akureyri,

lést á heimili sínu 2. maí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. maí kl. 13.30.

**Jónatan S. Tryggvason**
**Sigurósk R. Aðalsteinsdóttir**
**Ásta F. Reynisdóttir**
**Heimir F. Heimisson**
**Eygló Jóhannesdóttir**
**Freyja P. Jónatansdóttir**
**Ísak Már Friðriksson**



*Minn hjartkæri eiginmaður, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,*

**Páll Valdimar Kolka**

lést sunnudaginn 8. maí á deild 11G á Landspítalanum. Jarðarförin fer fram í Hallgrímskirkju þriðjudaginn 17. maí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning til styrktar börnum hans, 515-4-253281, kt. 111265-5859.

**Heiður Óttarsdóttir**
**Perla Kolka Pálsdóttir**
**Þórunn María Kolka Pálsdóttir**
**Óttar Páll Kolka Pálsson**
**Perla Kolka**
**Óttar S. Einarsson**
**Hrönn Hákonardóttir**
**Elín Perla Kolka**
**Ása Kolka Haraldsdóttir**
**Margrét Kolka Haraldsdóttir**
**Björg Kolka Haraldsdóttir**
**og aðrir aðstandendur**



Fyrstu Íslandsmeistarar Vals í knattspyrnu árið 1930.

VALUR: FAGNAR 100 ÁRA AFMÆLI

## Eru hálfgerð trúarbrögð

Í dag eru eitt hundrað ár liðin frá því Knattspyrnufélagið Valur var stofnað undir handleiðslu séra Friðriks Friðrikssonar í KFUM. Í tilefni dagsins er blásið til hátíðarhalda að Hlíðarenda þar sem afmælisins og brautryðjandans verður minnst með veglegum hætti. „Við höfum reyndar verið að halda upp á afmælið með smá uppákomum það sem af er ári og munum halda því áfram út árið,“ segir Hörður Gunnarsson, formaður Vals.



HÖRÐUR GUNNARSSON, FORMAÐUR VALS

Dagskráin í dag er þrískipt: Klukkan 8.30 að morgni verður dagskrá dagsins opnuð með athöfn við minnismerki um séra Friðrik við Hlíðarenda og síðan verða veittar viðurkenningar til Valsmanna í hátíðarsalnum og sögusýning sem minjanefnd Vals hefur undirbúið opnuð að Hlíðarenda.

Klukkan 12 verður stutt athöfn við styttu séra Friðriks í Lækjargötu þar sem forráðamenn Vals og KFUM munu flytja ávörp, stutt tónlistaratriði verður flutt og lagður blómsveigur að styttunni.

Klukkan 16 er síðan hátíðardagskrá að Hlíðarenda með kaffiveitingum, ávarpi formanns Vals og fulltrúa sérsambanda og söngatriðum. Veittar verða heiðursviðurkenningar Vals og sérsambandanna og dagskránni lýkur svo um það leyti sem leikur Vals og ÍBV hefst í Pepsi-deildinni, en fyrir hann munu iðkendur Vals sleppa 100 blöðrum í tilefni afmælisins.

Hátíðarhöldum er þó hvergi nærri lokið. Fram undan er knattspyrnudagur í samvinnu við Háskóla Íslands, víðvangshlaup, hátíðardagskrá í samvinnu við KFUM á afmælisdegi séra Friðriks, 25. maí, golfmót í júní og fleira og fleira. Hæst ber þó kannski fyrirhugaða útgáfu á sögu félagsins sem Þorgrímur Þráinsson rithöfundur er nú að leggja lokahönd á. „Útgáfunni ætlum við að fagna með veglegri tónlistarhátíð,“ segir Hörður. „Það er ekki komin ákveðin dagsetning á hana, en við erum að tala um september eða október.“

Eru það ekki hálfgerð trúarbrögð að vera Valsmaður? „Jú, það má kannski segja það,“ segir Hörður og hlær. „Eru ekki trúarbrögð í öllum félagsskap? En það er kannski sterkara hjá okkur þar sem við reynum að halda í ræturnar. Auk þess hafa Valsmenn alltaf verið duglegir að skrá sögu sína. Valsblöðin hafa verið gefin út í rúm fimmtíu ár og þau gefa okkur góða innsýn í tíðarandann á hverjum tíma í félaginu. Því getur fólk kynnst betur þegar bókin kemur út því Þorgrímur hefur þá skemmtilegu nálgun að láta upphaflega texta halda sér sem mest, enda geri þetta enginn betur en samtímamennirnir sem upplifðu hlutina á eigin skinni. Við berum mikla virðingu fyrir sögu okkar og rótum svo kannski má segja að þetta séu hálfgerð trúarbrögð.“

fridrikab@frettabladid.is



*Móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Elínborg María Einarsdóttir**

Ytri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 5. maí. Útför hennar fer fram frá Kaupangskirkju laugardaginn 14. maí kl. 14.00.

**Tryggvi Harðarson**
**Freyja Guðmundsdóttir**
**Sigríður Harðardóttir**
**Svavar Harðarson**
**Brynhildur Pálsdóttir**
**Birna Harðardóttir**
**og ömmubörnin öll.**




**Gistinóttum á hótelum** fjölgaði um 1,5 prósent í mars. Þær voru 96.900 í ár en 95.400 í mars í fyrra. Gistinætur erlendra gesta voru um 71 prósent af heildarfjölda gistinátta á hótelum. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði þó um tíu prósent samanborið við mars í fyrra.

# ;ALLT



**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473










**Hjólafélagið tekur til starfa í júní og mun bjóða upp á hjólaferðir með leiðsögn um Reykjavík.**

# Fara frumlegar leiðir

Okkur langar að leyfa ferðamönnum að skoða hluta af Reykjavík sem þeir fá venjulega ekki að sjá, til dæmis Elliðaárdalinn og Grafarvoginn, sem er fallegt svæði,“ segir Benedikt Ingi Tómasson hjá hinu nýstofnaða Hjólafélagi sem tekur til starfa í byrjun júní.

„Við erum fjórir vinir sem höfum hjólað mikið og skipulagt ferðir fyrir vini og kunningja í átta ár. Í fyrra fórum við með hátt í 45 manns í þriggja daga hálendisferð. Þá var tekin ákvörðun um að hætta þessu hálfkáki og stofna fyrirtæki,“ segir Benedikt glaðlega. Stefnan var að bjóða upp á stuttar og auðveldar hjólaferðir um Reykjavík. „Við vildum bjóða upp á nokkrar útfærslur. Eina um miðbæinn og síðan aðrar lengri þar sem farið yrði aðeins út fyrir miðbæinn.“

Hjólafélagið verður með fjallahjól fyrir viðskiptavini. „Við viljum hafa möguleika á að bjóða ferðir út fyrir bæinn. Þannig getur fólk fengið hálendisupplifun á aðeins átta tímum,“ segir Benedikt en stutt er í ósnortna náttúru á Hellisheiði og víðar.

Allir eru félagarnir björgunarsveitarmenn og munu sjá um leiðsögn í lengri ferðum. „Við erum að ráða menntaða leiðsögumenn til að sjá um bæjarferðirnar.“

Nánari upplýsingar má nálgast á www.hjolafelagid.is

*solveig@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**Reykjavík** er einn af 25 vinsælustu áfangastöðum ferðamanna árið 2011 samkvæmt úrslitum kosninga á ferðavefnum Condé Nast Traveller. Borgin er í 22. sæti yfir vinsælustu áfangastaðina strax á eftir Kraká í Póllandi. Efst á listanum eru París, Róm, London og Barcelona.

# Heimilisleg lúxustilvera

**Heima er allra best. Það sannast á sívaxandi eftirspurn eftir útleigu íslenskra heimila til útlendra og íslenskra ferðalanga, enda jafnast ekkert á við heimilislegan aðbúnað þegar dvalið er að heiman.**

„Við byrjuðum með fáeinar íbúðir á Akureyri í fyrrasumar en höfum nú bætt við yfir fimmtíu eignum í miðbæ Reykjavíkur, á Akureyri, Höfn og í Keflavík. Eftirspurnin er mikil og hefur velta fyrirtækisins sjöfaldast á einu ári," segir Baldvin Þór Baldvinsson, annar eigenda íbúðaleigunnar Iceland Summer sem stofnuð var í fyrra til að gefa íbúðaeigendum tækifæri á að nýta eignir sínar til útleigu meðan heimilisfólkið fer í frí.

Iceland Summer svarar langþráðri þörf erlendra ferðamanna eftir íslenskum heimilum, en sams konar þjónusta hefur fyrir löngu fest sig í sessi víða um heim.

„Ferðamönnum þykir kostur að búa í heimilislegum og vel búnum íbúðum þegar þeir sækja stórborgir og minni bæi heim, enda er frábært að koma sér fyrir á fallegu heimili á besta stað í bænum og geta liðið eins og heima hjá sér fjarri heimahögum," segir Baldvin og bætir við að fólk fái mikið fyrir peninginn, en lágmarks útleiga er tvær nætur í senn.

„Iceland Summer leggur metnað sinn í að leigja út fyrsta flokks íbúðir með nútíma þægindum og skoðar allar eignir vandlega svo fólk taki enga sénsa á að lenda í illa búnum kompum þegar það kemur til landsins," segir Baldvin.



Baldvin Þór Baldvinsson og Sigurður Bjarni Gíslason, meðeigandi hans að Iceland Summer, sem hefur ekki undan að leigja út íslensk heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Iceland Summer er í samstarfi við innlenda aðila og erlendar ferðaskrifstofur, ásamt því að halda úti bókunarsíðum víðs vegar um heiminn.

„Við höfum einblínt á erlent ferðafólk, en Íslendingar óska í auknum mæli eftir íbúðum til leigu, enda mun hagstæðara þegar upp er staðið, ekki síst þegar fleiri en tveir ferðast saman. Meðalverð á nótt í íbúð er 25 þúsund krónur, sem er fljótt að borga sig ef nokkrir taka sig saman því algengt verð á hótelgistingu nú er um 20 þúsund fyrir nóttina," segir Baldvin, sem enn leitar eftir eignum til útleigu á Höfn í Hornafirði, á Mývatni, Egilsstöðum og í miðbæ Reykjavík sökum mikillar eftirspurnar.

Sjá nánar á icelandsummer.com.

thordis@frettabladid.is

Vesturferðir bjóða upp á gönguferð frá Aðalvík til Hesteyrar. Hornstrandir hafa í seinni tíð fengið á sig dulúðlegan blæ. Með myndum eins og Börnum náttúrunnar og skáldsögu Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, hefur skapast æ meiri áhugi á að kynnast þessu merka svæði.

Heimild: www.vesturferdir.is




NÝ SENDING AF SPARIFATNAÐI

BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI MENNING

vísir

Gönguferðin þín er á utivist.is



Skoðaðu ferðir á utivist.is

ÚTIVIST

Ömmudagar

Ömmur leifa börnum að gera það sem mamma og pabbi banna.

-20%

af öllum barnafötum

Verið velkomin í nýja Snúðabúð Kringlunni 7, beint á móti Kringlunni

Ömmur eru mjúkar eins og koddi, það er svo gott að hjúfra sig upp að þeim.

snúðar&snældur

Kringlunni 7 - Glerártorgi Akureyri - Eyravegi 38, Selfossi

Við bjóðum frábært verð



Umfelgun á fólksbíl 5490.-

Umfelgun á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4900.-

Umfelgun á smájeppa 5900.-

VDO Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

# GARÐHÚSGÖGN



Sérblað • Miðvikudagur 11. maí 2011 • Kynning



NORDICPHOTOS/GETTY




Íbúðalánasjóður

## Lán til endurbóta og viðbygginga

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

**www.ils.is**

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969


Garðveislur bjóða upp á skemmtilega leiki fyrir gestina, eins og krokket.

# Garðveisla og ÆSKUFJÖR


Litríkar múffur með stjörnum og dísætu kremi eru ómótstæðilegt góðgæti þar sem börn koma saman.

**Garður er sönn paradís þeim sem hann eiga og draumastaður fyrir samfundi og hvers kyns veisluhöld þegar sumarið yljar líkama og sál. Barnaafmæli eiga þar sérstaklega vel heima og í raun óhugsandi að ætla smáfólki að hangsa inni þegar sólin skín og útileikir kalla. Þá þykir börnum hreinasta hátíð að borða kökur undir bláhimni og sötra litskrúðuga afmælisdrykki.**


Svalandi jarðarberjahristingur í sumarlegum glösum freistar í sólríkri garðveislu.


Enda þótt sólin skíni kemur kertaljós ótrúlega fallega út í dagsbirtunni og setur hátíðlegan blæ á veisluhöldin.


Það tilheyrir að verða svolítið kökukámugur í framan þegar veislan býður líka upp á veitingar í iðagrænu grasinu. NORDICPHOTOS/GETTY


Veislumatur lítur aldrei eins fallega og girnilega út og í blómum prýddum garði, þar sem yndislegt er að njóta veitinga og samveru úti undir berum himni.





**Gaman verður að sjá afrakstur vinningstillögunnar í samkeppni FÍLA og Hveragerðisbæjar.**

# Keppt um hönnun garðs í Hveragerði

Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, stendur fyrir samkeppni nú á vormánuðum í samvinnu við Hveragerðisbæ. Tilefnið er garðyrkjusýningin Blóm í bæ sem haldin verður í Hveragerði 23.-26. júní. Í ár er þema sýningarinnar Skógurinn. Samkeppnin er einstaklingskeppni félagsmanna en þó er leyfilegt að fleiri taki sig saman um tillögur. Vinningstillagan verður framkvæmd á vegum Hveragerðisbæjar undir umsjá Félags skrúðgarðyrkjumeistara en framkvæmdum á að vera að mestu lokið fyrir sýninguna Blóm í bæ.



Keppt er um hönnun á gamalli einkalóð í bænum sem nú verður gerð að tímabundnum almenningsgarði. Húsið sem var á lóðinni fór illa í jarðskjálftanum 2008 og var nýlega fjarlægt. Garðurinn er gróinn og talsvert af stórum trjám og runnum. Þar sem húsið stóð áður er nú malarplan sem einnig er hluti af samkeppnissvæðinu. Lagt er upp með að svæðið henti sérstaklega vel sem áningarstaður með eldri borgara í huga.

Lóðin liggur við Reykjamörk, milli tjaldsvæðis og Listasafns Árnesinga. Gaman verður að sjá hvernig til tekst en almenningur getur virt fyrir sér afraksturinn á sýningunni Blóm í bæ í júní.

Nánari upplýsingar á www.fila.is



● **VINIR Í RAUN** Tré eru vinir manns og uppspretta hreinnar orku til ósvikins innblásturs, hugarróar og gleði. Prófaðu bara að fara út í garð og faðma tré. Upplifunin er endurnærandi. Þá eru mörg tré með hentugt sköpulag til klifurs og hvíldar, og huggulegt að setjast á grein til að tengjast sjálfum sér og náttúrunni. Einnig eru sterkbyggð tré tilvalin til að bera uppi rólu og önnur eins og sérsmíðuð fyrir trjákofa fyrir ævintýrabörn.



● **GARÐHÝSI** Smáhýsi í garðinum nutu mikilla vinsælda á 18. öld, einkum í Bretlandi. Voru þau þá oft hin skrautlegustu og minntu á kínverskar pagóður eða klassísk musteri. Ýmist voru þau úr gleri eða einungis þakhvelfing sem haldið var uppi af skrautlegum súlum. Fína fólkið drakk gjarnan te í garðhýsum sínum og einnig þóttu þau upplögð til ástarfunda, íhugunar eða bóklestrar.

Heldur hefur dregið úr vinsældum slíkra smáhýsa en þó stinga þau alltaf upp kollinum annað slagið. Tilvalið er til dæmis að reisa glerskýli utan um heita pottinn svo íslenska veðurfarið spilli ekki pottferðinni.

# Hugað að heildarútlitinu

Verslunin Signature húsgögn í Kauptúni 3 býður í sumar heildarlínu í garðhúsgögnum ásamt ýmsum fylgihlutum. Signature húsgögn selur útihúsgögn fyrir nokkra af þekktustu framleiðendum heims og sífellt eru að koma nýjar línur og litir þó að svart sé enn talsvert ráðandi. Til dæmis er hægt að fá borð og stóla ásamt sólbekkjum og útisófasettum í stíl þannig að heildarútlitið sé það sama.

Í nær öllum gerðum er um að ræða álgrind sem er annaðhvort úr burstuðu áli sem lítur út eins og ryðfrítt stál eða fjölhúðuðu áli sem er þá oftast svart eða grátt. Borðplatan getur verið úr graníti, tekkviði eða polywood sem er viðhaldsfrítt efni, blanda trjákvoðu og resin-plastefnis sem þarfnast ekki viðhalds. Sólbekkirnir eru flestir á hjólum, stílhreinir og sterkir, hægt að stilla bæði bak og fætur og hægt að fá sessur í tveimur litum. Útisófasettin eru hefðbundin 2+1+1 eða þá einingar sem hægt er að raða saman eftir þörfum, búa til hornsófa og annað sem hentar aðstæðum hverju sinni.

Alltaf er um að ræða vandaða vöru frá viðurkenndum framleiðendum sem mikil reynsla er komin á.

Meðal fylgihluta má nefna sólhlífar, sessubox, rólur, hitalampa, útipotta og ker, gasgrill, grasklippur, hekk-klippur og sláttuorf ásamt mörgu öðru sem viðkemur garðinum.



Séð yfir verslun Signature húsgagna í Kauptúni 3.


## Útisófasett fyrir íslenskar aðstæður

**Nokkar gerðir og litir. Glæsileg og vönduð vara.**



Á mynd: Tetris sett

Signature ●●● húsgögn

**Opið:**
**Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16**
**Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is**






Agnar Kárason, verslunarstjóri BYKO í Kauptúni, segir fyrirtækið byggja á reynslu fyrri ára og mikið sé lagt upp úr því að versla við trausta birgja.

# Vönduð og fjölbreytt

**Garðhúsgögnin í BYKO hafa notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina enda vönduð og afar fjölbreytt.**

„Flaggskip BYKO í garðhúsgögnum í ár er ofsalega falleg húsgögn sem koma til landsins í næstu viku en það er sett sem kallast Champagne," segir Agnar Kárason, verslunarstjóri BYKO í Kauptúni. BYKO byggir á reynslu fyrri ára og mikið er lagt upp úr því að versla við trausta aðila sem hafa reynst vel.

„Champagne-settið umrædda er borð með borðplötu úr tekkbróður og állöppum sem eru samlitar viðnum. Burðarvirki stólanna er einnig úr áli og sessan og bakið er úr fínofnu basti – allt í sama lit. Settið er klassískt og fínlegt og þolir útiveru. Það má segja að þetta sé rósin í sumar. Svo reynum við að vera einhvers staðar í milliverði með öll húsgögnin okkar," segir Agnar.

Annað sett sem Agnar nefnir til sögunnar er Bistro-sett sem BYKO hefur selt síðustu þrjú árin og er gjarnan tekið á svalirnar. Það er reynsla Agnars að fólk sé farið að leggja mikið upp úr því að punta svalirnar sínar, óháð stærð þeirra.

Bistro-settið inniheldur hringlaga borð og stóla við, burðarvirkið úr stáli en setur, bak og borðplatan eru úr mósaík. „Við erum með tvo liti í Bistro-settinu í ár; grænt og grátt annars vegar og svart og grátt hins vegar. Einnig er hægt að fá ferkantað Bistroborð stakt en flestöll garðhúsgögnin í BYKO er hægt að kaupa stök þar sem margir vilja geta blandað saman."

Scab-stólar eru stakir nútímalegir plaststólar, með állöppum og þola allt að 150 kílógramma þunga manneskju. Þeir hafa notið mikilla vinsælda hjá BYKO, þola að vera úti og bæði er hægt að fá þá sem körfustóla og hefðbundna stóla. „Stólarnir eru einkar sterkir og hafa því verið mikið teknir, meðal annars hefur sundlaug keypt þá fyrir sundlaugargesti, en stólarnir eru staflanlegir. Svo eru þeir ekki síður fallegir og margir nota þá sem eldhússtóla."

Agnar nefnir ótal fleiri hluti sem í boði eu fyrir garðinn; lítið glerborð, stóla og stólhlíf í stíl, bekki með áföstu borði á milli sem og klassíska garðbekki, tveggja og þriggja sæta. Þá eru spennandi gróðurhús í BYKO, annað íslenskt, búið til á Akureyri, og markísur sem hafa notið mikilla vinsælda en þær koma í tveimur lengdum. Að lokum má svo nefna forsteypt-an útiarin sem hægt er að grilla á.




**● ILLGRESIÐ KÆFT MEÐ DAGBLÖÐUM** Í baráttunni við illgresi sem sprettur upp í beðum eru ýmsar leiðir færar. Ýmsar tegundir af eitri eru á markaðnum en fyrir þá sem vilja síður nota þau er ráð að kæfa illgresið með plasti, dúk eða dagblöðum. Dagblöð henta prýðilega til verksins en þau grotna með tímanum ofan í jarðveginn. Beðið er þakið með þykku lagi af dagblöðum svo hvergi sjáist í jörð og pappírinn sniðinn utan um þær plöntur sem eiga að standa upp úr. Því næst er 10 til 15 cm lagi af sandi, mómold eða trjákurli stráð yfir dagblöðin. Ef passað er að engin glufa myndist milli dagblaðanna ætti ekki að bóla á illgresinu aftur.



**● SNYRTA ÞARF TRÉ REGLULEGA** Tré má klippa allan ársins hring. Þægilegra er þó að gera það á lauflausum tíma frekar en yfir hásumarið, svo umfang þess sem hreinsa þarf úr garðinum verði minna. Beittar klippur og sagir má nota á minni greinar en stór tré er best að fella með keðjusög.

Gott er að grisja og snyrta trén reglulega. Of þétt trjákróna skyggir á grasflötina svo hún verður mosavaxin. Ráðleggingar um snyrtingu runna og trjáa er meðal annars að finna á www.rit.is.





# Litlar svalir puntaðar

Svalir þurfa ekki að ná yfir marga fermetra til að hægt sé að nota þær. Þar gildir að skipuleggja þær vel og jafnvel á allra minnstu svölunum má koma fyrir nettum garðstól og örlitlu hringlaga borði. Til að koma blómum og kryddjurtum fyrir á litlu rými getur verið gott að hengja blómaker á svalahandriðið, festa ker á vegg og setja blómavasa upp á lítil borð til að nýta plássið. Þá getur komið vel út að leggja fallega útimottu eða annað efni sem þolir að vera úti á svo lítinn gólfflöt. Það gerir svalirnar hlýlegar og ekki skemmir að mottan sé í skærum, sumarlegum lit.



**● TJALDAÐ Í GARÐINUM HEIMA** Börnum finnst fátt skemmtilegra á sumrin en að skella sér í útilegu, en á tímum okurverðs á eldsneyti er hætt við að margir neyðist til að sleppa ferðalögum innanlands í sumar. Á sama tíma er óþarfi að svipta smáfólkið fjörinu og þeirri upplifun að kúldrast í svefnpoka undir tjaldhimni á bjartri sumarnóttu og tilvalið að slá upp tjaldi í garðinum heima.



**● VERNDUM HNÉN** Garðverkin geta reynt á líkamann, sérstaklega hnén. Því er um að gera að koma sér upp góðum hnépúðum. Hægt er að kaupa slíka í verslunum sem selja garðáhöld en einnig er hægt að föndra þá heima úr mjúkum svampi og slitsterku líni.




# Sumarið er komið!

## Má bjóða þér landslagsráðgjöf?

**Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir,**
landslagsarkitekt okkar, veitir viðskiptavinum ókeypis ráðgjöf og aðstoð við mótun hugmynda og útfærslu.
Ráðgjöfin ásamt tölvuteikningu er þér að kostnaðarlausu.
Hafðu samband við sölufulltrúa okkar og pantaðu tíma.







PIPAR\TBWA · SÍA · 111308

## Happdrætti

Allir sem nýta sér landslagsráðgjöf og kaupa í kjölfarið efni til framkvæmda hjá BM Vallá fara í pott og geta unnið ferð til London fyrir tvo. Gildir út árið 2011.

**Hafðu samband við söludeild BM Vallá og við aðstoðum þig við útfærslu hugmynda og efnisval.**

**BM Vallá ehf.**
**Breiðhöfða 3**
**110 Reykjavík**

**Sími: 412 5050**
**Fax: 412 5001**
**sala@bmvalla.is**

BM·VALLÁ

bmvalla.is

Kynning

# Góð byrjun á því sem eftir er af lífinu

Bryndís Torfadóttir, framkvæmdastjóri SAS á Íslandi, er illa haldin af astma og var búin að taka fjölmarga stera- og pensilínkúra frá áramótum. Fyrir vikið var bakteríuflóran í ójafnvægi og líðanin afleit. „Ég á fimm yndisleg barnabörn og hugsaði með mér að mig langaði ekki að vera þreytt og útbrunnin amma. Ég vil eldast hress og kát og hafa gaman af hverjum degi og vil að barnabörnin fái að upplifa ömmu sína eldhressa og skemmtilega,“ segir Bryndís. Hún hefur að sögn alltaf verið efasemdamanneskja og tilheyrt hópnum sem stingur hausnum í sandinn. „Í vor var hins vegar eins og æðri máttarvöld tækju í taumana og fyrr en varði var ég búin að skrá mig á heilsuhótelið,“ segir Bryndís, sem dvaldi þar yfir páskana og lét páskalambið eiga sig að þessu sinni.

„Ég mætti á föstudegi og ætlaði upphaflega að keyra í bæinn til að sinna vinnunni, enda týpan sem hefur aldrei tíma og er alltaf á kafi í öllu mögulegu. Strax eftir helgina hringdi ég og afboðaði mig á alla fundi enda fann ég að ég þurfti að gefa mig alla í þetta, maður er hvort eð er úr leik ef heilsan bilar. Þegar ég hreyfði bílinn minn viku seinna til að kveðja dóttur mína á Keflavíkurflugvelli sem var á leið til Kína leið mér eins og ég horfði á jörðina utan frá og þyrfti að keyra inn í hana. Svo mikil hafði afslöppunin og aftengingin við umheiminn verið.“



Bryndís segir fólk bera ábyrgð á eigin lífi og að dvöl á Heilsuhótelinu sé góð byrjun fyrir þá sem séu komnir út af sporinu.

Bryndís gaf sig alla í meðferðina, fór í gönguferðir og gufu og endurskoðaði mataræðið frá grunni. „Maður hreinsar líkamann með gjörbreyttu mataræði og leggur frá sér allt nema hrátt og soðið grænmeti, safa og vatn. Síðan er málið að borða hollt, óunnið, mikið grænt, drekka vatn og safa og sofa vel. Þetta er í raun ekki flókið en getur þvælst fyrir fólki í daglegu lífi enda er svo auðvelt að nálgast allar óhollar skyndilausnir í mat og drykk. Það sem skiptir máli er að staldra við, læra hvernig á að byrja og mæli ég eindregið með því að gera það undir eftirliti á heilsuhótelinu enda starfsfólkið og andrúmsloftið yndislegt.“ Bryndís segir fólk auk þess hvatt til að kveðja allar snyrtivörur og nota þurrburstun og mælir sérstaklega með því enda þarf hreinsunin bæði að eiga sér stað að innan og utan.

Bryndís segist afskaplega ánægð með dvölina á Heilsuhótelinu og er viss um að hún muni fara þangað aftur. „Þetta var frábær byrjun á því sem eftir er af lífinu, sem ég ætla að lifa og njóta full af orku og heilbrigði. Líf mitt er í mínum höndum og ég ætla að virða það.“



Herdís var illa haldin af verkjum vegna slitgigtar en hefur ekki fundið fyrir þeim síðan hún dvaldi í fyrsta skipti á Heilsuhótelinu árið 2009.

# Dvölin bjargaði mér

Félagsráðgjafinn Herdís Hjörleifsdóttir var búin að ganga lengi á umframorkubirgðirnar þegar hún tók ákvörðun sem að sögn breytti lífi hennar. „Haustið 2009 var ég búin að ganga í gegnum áföll og vera undir langvarandi álagi. Ég hafði ekki tekið mér sumarfrí í lengri tíma og var með alls kyns streitueinkenni. Það kom að því að ég sat heima hjá mér og vissi ekki mitt rjúkandi ráð. Ég tók upp símann og hringdi á Heilsuhótelið. Jónína Benediktsdóttir svaraði og sagði mér að koma um hæl. Ég setti ofan í tösku og þótt ég hafi ekkert vitað hvað ég var að fara út í var þetta besta ákvörðun sem ég hefði getað tekið. Ég vil meina að dvölin hafi bjargað lífi mínu og líðanin er allt önnur,“ segir Herdís, sem dvaldi á hótelinu í tvær vikur í fyrsta skipti en hefur farið tvisvar sinnum í vikudvöl síðan.

„Ég get síðan ekki beðið eftir því að komast aftur og ætla árlega héðan í frá. Mér finnst Jónína og starfsfólkið á staðnum vera að vinna frábært starf auk þess sem kyrrðin og hvíldin sem fæst út úr dvölinni er óviðjafnanleg.“

Herdís er með slitgigt og var illa haldin af verkjum áður en hún fór á hótelið í fyrsta skipti. „Ég er ennþá með kreppta fingur en verkirnir eru alveg horfnir. Ég hafði fengið uppáskrifuð lyf og bólgueyðandi og var sagt að ég gæti ekkert gert með breyttu mataræði og lífsstíl. En annað kom á daginn og ég nota engin lyf í dag.“ Herdís segir mikilvægt að halda lifnaðarháttunum við og tekst henni það að mestu leyti. „Ég er þó mikill sykurfíkill og á það til að detta í það og því finnst mér mikilvægt að komast á hótelið með reglulegu millibili.“

# Kæru Heilsuvinir

Nú gengur í garð annasamasti tími ársins hjá okkur og við hlökkum til þess að sjá ykkur á Heilsuhóteli Íslands. Flest stéttar- og starfsmannafélög, sjúkrasjóðir og fræðslusjóðir veita nú styrki fyrir þá sem koma til okkar.

**Næstu dagsetningar í heilsumeðferð eru:**

13.-27. maí
17. júní-1. júlí
15.-29. júlí
12.-26. ágúst

Bókið strax, takmarkaður fjöldi kemst að á hvert námskeið.

Vinsamlegast farið inn á heimasíðuna okkar www.heilsuhotel.is. Þar má finna allar upplýsingar um heilsumeðferðina.

Best er að hafa samband við okkur í gegnum heilsa@heilsuhotel.is eða hringja í okkur í síma 512 8040.

Við hlökkum til að sjá ykkur.



## Helgardvöl fyrir heppna

facebook

Heilsuhótel Íslands stendur fyrir leik á Facebook. Í verðlaun er helgardvöl fyrir tvo á Heilsuhótelinu með öllu, allt frá nuddi og dekri til ferða í Bláa lónið að verðmæti 150.000 krónur. Það eina sem þarf að gera til að komast í pottinn er að „líka við“ Heilsuhótelið á Facebook, deila með öllum vinum og kvitta á vegg hótelsins. Dregið er úr nöfnum allra sem taka þátt og deila fyrir 2. júní 2011. www.heilsuhotel.is

heilsuhótel íslands

**Reykleysisnámskeið**

**Helgina 3. – 5. júní 2011 verður haldið námskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Námskeiðið er sérhannað af tveimur þekktum einstaklingum sem oft hafa aðstoðað reykingarfólk.**

Aðferðin sem beitt er hefur skilað gríðarlegum árangri og flestir hætt fyrir lífstíð án þess að nýta nikótíntyggjó eða annað eftir námskeiðið.

**Leiðbeinendur**
Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður
Dr. Ásgeir Helgason dósent í sálfræði og lýðheilsufræðum

Fyrirtæki og einstaklingar geta staðfest þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið heilsa@heilsuhotel.is með helstu upplýsingum. Takmarkaður fjöldi og því nauðsynlegt að panta strax.

Verð 39.500 með gistingu, fæði og námskeiðsgjaldi. Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja slík námskeið. Nánari upplýsingar á **www.heilsuhotel.is**

**Sími 512 8040**

## BÍLAR & FARATÆKI




VORTEX Heithúðun á alltar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.



Land Rover Discovery Series II HSE Diesel, 02/2004 Ekinn 180þús. Ssk, Leður, Sóllúga ofl, Topp viðhald, Mjög gott eintak. Ásett Verð 2.790.000.- Möguleiki á allt að 90% láni



Jeep Grand Cherokee Limited 4.7, 2006, Ekinn 107þús. Ssk, Leður ofl. Ásett Verð 2.990.000.-



Saab 9-3 Linear I, 01/2006 Ekinn 63þús. Bsk 5gíra, Álfelgur, sumar og vetrardekk. Fallegur bíll. Ásett Verð 1.890.000.- Ath. skipti dýrara og ódýrar.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**



CAMPER Travel lite 800 sbx. Árgerð 2009, ekinn -1 Þ.KM, sólarorka, sjálfskiptur. Verð 2.390.000.Ford 150 king Range 2005 ek 68 þús allur pakkinn á 4.880.000 kr Rnr.220899.



TEC Travel king 510tkm kojuhús . Árgerð 2005, ekinn -1 Þ.KM, rafmagn, 5 gírar. Verð 2.490.000. áhl 1700 þús Rnr.102173.



HOBBY 650 uff. Árgerð 2007, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. skipti á mótorhjóli eða fellihýsi Rnr.250232.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**



HYUNDAI Getz gls sjálfskiptur. Árgerð 2008, ekinn 72 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.480.000. Rnr.202072.



KIA Picanto diesel. Árgerð 2006, ekinn 79 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 990.000. Rnr.163978.



VW Golf comfortline 8v. Árgerð 2003, ekinn 132 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 950.000. Rnr.164020.



VISA/EURO LÁN Í BOÐI NISSAN Almera luxury. Árgerð 2000, ekinn 182 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 570.000. Rnr.202274.



VISA/EURO LÁN Í BOÐI SUBARU Legacy wagon gl 4wd. Árgerð 2000, ekinn 221 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.163490.



VISA/EURO LÁN Í BOÐI VW Bora 8vi. Árgerð 2002, ekinn 174 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 699.000. Rnr.164036.



100% VISA/EURO LÁN Í BOÐI VW Bora sjálfskiptur 8vi. Árgerð 1999, ekinn 242 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 499.000. Rnr.202262.



HYUNDAI Santa fe crdi diesel. Árgerð 2008, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.163820.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**



SJÁLFSKIPTUR PEUGEOT 206 xt. Árgerð 2003, ekinn 80 Þ.KM, bensín. Verð 780.000. Rnr.164058.



ALLT AÐ 100% LÁN BMW 320 e90. Árgerð 2005, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.162767.



FLEETWOOD Destiny tucson 8 fet. Ísskápur, Truma miðstöð. Árgerð 2005,Verð 1.050.000. Rnr.163356.



COLEMAN Laredo redwood. Ísskápur, Markísa. Árgerð 1999.Verð 790.000. Rnr.164085.

Vantar fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna,og húsbíla á skrá og á staðinn ATH INNISALUR.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**



Dodge Durango SLT+ árg 2002 ek 198 þ.km Sjálfskiptur (7 manna) Leður, góð dekk verð 990 þús Möguleiki á 100% láni



Dodge Grand Caravan (7 manna) árg 06/2004 ek 100 þ.km snyrtilegt eintak verð 1790 þús



FELLIHYSI til sölu ! Palomino Colt 9 fet árg 2004 mjög snyrtilegt sjá myndir á raðnr 156458, hysið er uppsett á staðnum. Verð 1250þús.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**



Porsche Boxster Árgerð 08/2005, ekinn 16þ.km, umboðsbíll. Bíllinn er eins og NÝR úr kassanum! Verð 6.900.000kr. Raðnúmer 131383. Sjá nánar á www.stora.is.



VW Touareg V8 Árgerð 2004, ekinn 91þ.km, leður, lúga o.m.fl. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Frábært verð aðeins 2.590.000kr! Raðnúmer 151648. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**



M.BENZ 212d. Árgerð 1996, ekinn 250 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Ný 38" dekk glæsilega innréttaður. Uppl síma 517-111 www.bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**



Can-Am Árgerð 2008, ekið 8 Þ km. Verð 1.550.000. Töskur fylgja. Rnr.130020.

**K2M**
**Draupnisgata 6, 600 Akureyri**
**Sími: 464 7960**
**Vantar vélsleða á skrá, mikil eftirspurn og sala.**
**http://www.k2m.is**



SUBARU LEGACY SEDAN 2.0 GL 4WD árg 1/2006 ek aðeins 58 þ km beinskiptur með 2 ganga á felgum Verð aðeins 1.990 þ Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**



HONDA Vt 1100c shadow. Árgerð 2003, ekinn 17 Þ.mílur. Verð 940.000. Rnr.130393.



YAMAHA Yz 250. Árgerð 2007. Ekið ca. 32 tíma. Verð 590.000. Rnr.130418.



HUSABERG 390 Árgerð 2010, ekinn 1800 KM, Verð 1.350.000. Lítur afar vel út. Rnr.130400.

**K2M**
**Draupnisgata 6, 600 Akureyri**
**Sími: 464 7960**
**Vantar vélsleða á skrá, mikil eftirspurn og sala.**
**http://www.k2m.is**



COLEMAN COLUMBIA Fellihýsi Árg. 1989, 2 gashellur, lítið notað fortjald. Verð 490þ. Tilboð 440þús Rnr.102640 Er til sýnis í sal. Óskum eftir tjaldvögnum og fellihýsum á söluskrá okkar, getum tekið við þeim á planið eða inní sal.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**




HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Endilega sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

## Bílar til sölu



Bíll til sölu, í góðu lagi. Toyota Carina 2 árg. '89. Sjsk., heilsársdekk. Nýsk. V. 300 þús. Uppl. í s. 897 1414.



Dodge 1500 1996 arg. Ek. 130.000 km. Verd 390.000 s. 772 8100.



Renault Megane 2003 ek. 100.000. Beinskiptur, vetradrekk og sumardekk (nýleg) fylgja. Verð 750.000 kr. Áhvílandi 600.000. Afborganir um 20.000 kr á mánuði. S. 861 4940.



Skoda Octavia Skd 07.05.04. Sjálfskiptur, vetradekk á sér felgum fylgja. Smurbók . Ekinn 96.000 km Dráttarkúla. Reyklaus, Vel með farinn og ný skoðaður . Verð 1.250.000 kr Möguleiki á skiptum. Uppl. í síma 860-2632.



Til sölu Subaru Impreza STI Árg. 2006 bsk. ek. 44 þús. bíll í Topp standi, sumar og vetrardekk. Ath. Skipti á ódýrari Uppl. Í S. 869-5681.



**Ódýrir góðir nýsk.!!**

VW Golf '98, ek. aðeins 106þ. Topp eintak. V. 190þ. Kia Sportage '96 5g., álf. góður bíll. V. 190þ. S. 821 9887.



Subaru árg.'96, sk.'12, ek. 280 þús. Dráttarkúla, V. 250 þús. S. 893 5517.

**Er mosinn að eyðileggja grasflötinn!**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur S. 669 0011.

**Garðaumsjón:**
Felli tré, grisja og snyrti. Önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215.













**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur eldri borgara og húsfélög.**
Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 669 0011. Þórhallur S. 772 0864.







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar




**20% afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 777 2722.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is









**Tökum að okkur parketslípun**
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun, sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl. í s. 772 8100.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

Getum bætt við okkur verkefnum. Gluggar/glerjun, þök og klæðningar. Menn með öll réttindi og öllu vanir. Tilboð, tímavinna. S. 694 1385.

## Fundir / Mannfagnaður

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

**Aðalfundur Gigtarfélags Íslands**

**Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður í kvöld, miðvikudaginn 11. maí kl. 19:30 í húsnæði Gigtarfélags Íslands að Ármúla 5, 2. hæð.**

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Dr. Ingibjörg Jónsdóttir, associate professor, við Institute of Stress Medicine í Gautaborg vera með fyrirlestur um: „Áhrif streitu og hreyfingar fyrir heilsuna"

**Allir eru velkomnir**

*Gigtarfélag Íslands*

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

THE BEST!!! TANTRIC, LUXURY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!! 24/78698602

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:6618272 eða 6930348

## Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

Lögg. Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl. S: 698 1524.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl í síma: 7744680

## Önnur þjónusta

ÓKEYPIS DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ! 20 Dáleiðslunemar leita að fólki sem vill prófa dáleiðslu og fá tækifæri til að losna við fóbíur, kvíða og aðra kvilla án þess að greiða fyrir. Sjá http://dáleiðsla.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Til sölu 180l olíu smurbætiefni sem heitir X-1R. Óska eftir tilboði. S. 848 5280 / 553 8400.

Ískápur til sölu, 170 cm á hæð ásamt frystihólfi. Verð samkomulag. Uppl. í s. 894 5559

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun







# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Kínverskur nuddari og læknir getur hjálpað þér að losna við ýmsa verki og kvilla með nuddi og nálastungu. Hamraborg 20A Sími: 564 6969.

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (kreftir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is



EINKATÍMAR Í YOGA OG YOGAÞERAPÍU. www.yogaheilsa.is Gummi: 6918565

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Siberian Husky hvolpar til sölu. 2 tíkur eftir. Tilbúnir til afhendingar, ættbók frá HRFI, bólusettir, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Nánari upplýsingar í síma 841 9697 Birna.



**Pomma hvolpar til sölu**
Hreinræktaðir yndislegir Pomeranian hvolpar til sölu án ættbókar. Verð 130þús. Uppl. í s 848 6525.

Anja Björg hundasnyrtir hefur hafið störf hjá Dýralæknamiðstöðinni Grafarholti. Tímap. í síma 544-4544.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög






# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

12fm herb. í kj. jörfabakka kr. 20þ. 90fm 3j.herb. íbúð á 2h Teigaseli kr.140þ. 40/80fm iðnaðarhúsnæði, 100.000 kr. Smiðjuv.4a 3ja mán. trygging. Mail: se1@internet.is

Til leigu. Glæsileg 107 fm. 3ja herb. íbúð við Kristnibraut. Leigutími 1 ár eða lengur. Ásett leiguverð 150.000 uppl. 893 3985.

**NULL**
Gott herbergi til leigu í Rvk 109 -Seljahverfi. Góð aðstaða, aðg. að baðh., ísskáp, þvottav., intern. o.fl. uppl: 8917630

Stúdíó eða herbergi. Skammtíma-eða langtímaleiga. S. 821 4848.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**Cafe Haiti**
Óskum eftir að taka á leigu 4 herb. íb. í vesturbæ eða miðbæ til lengri tíma helst sem næst kaffi húsinu öruggar greiðslur, góð umgengni og reglusemi uppl. í s: 6615621 / methusalem@simnet.is

Óska eftir 2-3 herb. íbúð 60-70 fm í Rvk. Uppl. í s. 587 5399 / 841 9502.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Pylsuvagninn í Laugardal**
**Óskar eftir starfsfólki í aukavinnu.**
**Góð laun í boði fyrir rétt fólk.**
**Umsóknir sendast á pylsuvagninn@gmail.com**




**Pókergjafarar óskast!**
**Óskum eftir heiðarlegum, duglegum, ábyrgum, aðlaðandi pókergjöfurum. Um er að ræða næturvinnu með góðum árángurstengdum launum fyrir rétta aðila. Aldurstakmark er 20 ár og þarf að ljúka 2 vikna námskeiði áður en hægt er að byrja. Upplýsingar gefur Pétur í síma 659 3543 eða á paxel32@live.com**

Óska eftir vönum mönnum í járnabyndingar uppl: 897 1995 / 866 1083.

**Fiskvinnsla**
Kvennfólk óskast í snyrtingu. Uppl í s. 824 3180

Duglegt starfsfólk óskast til starfa hjá garðyrkjufyrirtæki í sumar. Bílpróf og reynsla nauðsynleg. S. 824 1238.

NCS óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og góð Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. NCS. Bæjarlind 4, 201 Kópavogur. Umsóknir á http://ncs.is/job.html

Smiðir - járnamenn óskast til starfa í Suður Noregi. Uppl. í s. 893 1918.

## Atvinna óskast

Ég er 17 ára verð 18 í haust.óska eftir vinnu. Bý í laugardalnum.Er búinn með tvær annir á matvælabraut og Tvær annir á félagsfræðibraut.Endilega hafið samband. Emil Sölvi gsm.6628864. h 5575703 .

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Gleraugu töpuðust síðastliðinn föstudag. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 567 7828 & 898 1922.

## Tilkynningar

**Við viljum hjálpa öðrum**
Ef þú átt reiðhjól og notar það ekki og vilt hjálpa öðrum þá getum við sótt það til þín. Við munum gera við það og nota til að styrkja þá sem þurfa á hjálp að halda. Frekari upplýsingar hjá Birgi í s. 849 9872

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Heit kona (35) leitar að villtu (leður?) ævintýri. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8468.

Náin kynni? Konur sem vita hvað þær vilja nota símatorg Rauða Torgsins. Konur auglýsa og sækja skilaboð í s. 555-4321 (frítt). Karlar hlusta á og svara auglýsingum í s. 905-2000 og 535-9920.

Samkynhn. KK finna góða vini á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920.

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringinn.

Heitt spjall Dömuvaktin er flestöll kvöld frá 20-24. Dömurnar á Rauða Torginu, s. 908-6000 og 535-9999, dagskrá á RaudaTorgid.is (sjá: dömuvaktin).

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
**MEIRI FRÉTTIR**
vísir

## Fasteignir




**Flyðrugrandi 20 – glæsileg 5 herb. + bílsk.**
**Til sýnis milli kl. 18.00 - 19.00 í dag**

126 fm 5 herb. glæsileg íbúð á efstu hæð(aðeins 2 hæðir upp) ásamt 24 bílskúr í vönduðu fjölbýli við KR völlinn. Íbúðin var öll standsett að innan fyrir um 6-7 árum. Teiknuð upp af arkitekt og hönnuð á sérlega fallegan og praktiskan hátt. 2 baðherb. 4 svefnherb. Parket. Þvottahús á hæð. 30 fm svalir.
**Verð 38,5 millj.** Uppl. veitir Bárður í 896 5221.

**VALHÖLL FASTEIGNASALA**
**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**TIL LEIGU**



**Skógarhlíð 12 Reykjavík.**
Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða 3. hæðina sem er skipt niður í ca. 80, 150 og 350 fm. eininga. Einnig er jarðhæðin, ca. 550 fm., til leigu sem hægt er að skipta niður.



**Borgartún 31 -Reykjavík.**
Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Borgartún 31 í Reykjavík. Um er að ræða ca. 250 fm. húsnæði á 3. hæð með eldhúsaðstöðu. Eignin er öll nýinnréttuð á glæsilegan hátt. Lyfta er í húsinu.



**Vegmúli 2 Reykjavík Efsta hæð.**
Til leigu 148 fm. skrifstofu- og verslunarhúsnæði á efstu hæð við Vegmúla 2 í Reykjavík. Eignin er öll nýinnréttuð á glæsilegan hátt. Nánari upplýsingar veita sölumenn Fjárfestingar í síma 562-4250 eða Hilmar í síma 896-8750.

## Fundir / Mannfagnaður

SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS

**20. Fulltrúaþing – Aðalfundur**
Sjúkraliðafélags Íslands verður haldið
**fimmtudaginn 12. maí, kl. 08:30**
**á Grand-hótel**, Sigtúni 28, Reykjavík

**Fundarefni:**
Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn SLFÍ

## Atvinna

**LANGANESBYGGÐ**

**Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann á Bakkafirði frá og með 1. ágúst nk.**

**Umsóknarfrestur er til 1. júní nk.**

Kennara vantar í almenna kennslu, tungumál, textílmennt, íþróttir og heimilisfræði.

*Grunnskólinn á Bakkafirði er einsetinn lítill skóli með 15 - 20 nemendum þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel og að allir fái nám við sitt hæfi. Á Bakkafirði búa um 100 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er verslun. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Í boði er mjög spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi, þar sem starfsaðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar í alla staði, í mjög barnvænu samfélagi.*

Upplýsingar gefa María Guðmundsdóttir, skólastjóri í símum 473 1618 og 847 6742, maria@langanesbyggd.is og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri, í símum 468 1220

www.hafnarfjordur.is
HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar**

**Leikskólakennarar**

**Lausar stöður leikskólakennara við eftirtalda leikskóla frá 1. ágúst 2011:**

| | |
|---|---|
| **Arnarberg** | (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is) |
| **Álfaberg** | (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is) |
| **Álfastein** | (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is) |
| **Hlíðarberg** | (578 4300 hlidarberg@hafnarfjordur.is) |
| **Hlíðarenda** | (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is |
| **Hraunvallaskóla** | (590 2800 sigrunk@hraunvallaskoli.is) |
| **Hvamm** | (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is) |
| **Hörðuvelli** | (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is) |
| **Norðurberg** | (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is) |
| **Smáralund** | (565 4493 smaralundur@hafnarfjordur.is) |
| **Stekkjarás** | (517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is) |
| **Tjarnarás** | (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is) |
| **Vesturkot** | (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is) |

**Deildarstjóra vantar við leikskólana Arnarberg, Álfastein og Hraunvallaskóla og matreiðslumeistara við leikskólann Hlíðarenda.**

Allar upplýsingar veita leikskólastjórar viðkomandi leikskóla en sjá nánar á heimasíðu **www.hafnarfjordur.is** Umsóknarfrestur er til **27. maí 2011** og umsóknir berist til leikskólastjóra.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** eldur, **6.** tveir eins, **8.** taflmaður, **9.** sjór, **11.** í röð, **12.** ofanálag, **14.** skermur, **16.** tveir eins, **17.** beita, **18.** umfram, **20.** tvíhljóði, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurrka út, **3.** hola, **4.** tilgáta, **5.** svelg, **7.** svikull, **10.** skammstöfun, **13.** klettasprunga, **15.** sleit, **16.** kóf, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** logi, **6.** ff, **8.** peð, **9.** mar, **11.** tu, **12.** álegg, **14.** skjár, **16.** kk, **17.** áta, **18.** auk, **20.** au, **21.** frár.

**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** op, **4.** getgáta, **5.** iðu, **7.** falskur, **10.** rek, **13.** gjá, **15.** rauf, **16.** kaf, **19.** ká.







FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN**

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

**Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.** vísir


# „Cheated by Iceland“

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmars-dóttur**



Gljáfægðir liðu búðargluggarnir hjá, fullir af handgerðu súkkulaði og hátískufatnaði. Fyrirhafnarlaus fegurð geislaði af farðalitlum andlitum Parísar-skvísanna. Eftir bökkum Signu stikuðu franskir herramenn svo ábúðarfullir á svip að um huga þeirra hlutu að fara hugsanir samboðnar Descartes þótt umbúðirnar jöfnuðust á við Olivier Martinez. Þar sem ég sat í aftursæti leigubíls sem ók mér frá aðallestarstöð Parísarborgar á hótelið sem ég hugðist dvelja á eina helgi hríslaðist um mig eftirvænting sem aðeins yfirvofandi „croissant“-át og biðin eftir kampavíni geta framkallað. Ekkert gat raskað fullkomleika helgarinnar sem fram undan var. Eða næstum ekkert.

**ÞEGAR** á leiðarenda var komið virtist tímabundið minnisleysi ljósta leigubílstjórann. Hann kannaðist skyndilega ekkert við að hafa samið við mig um verð við upphaf túrsins. Eftir karp tókst mér þó að greiða aðeins tveimur evrum meira en um hafði verið samið. En það skipti engu. Ferðamannastoltið var sært og gljáinn hvarf af París; franski karlpeningurinn var skyndilega jafnslepjulegir og frönsku smjördeigshornin, skvísurnar gangandi hroki og handgerða súkkulaðið óvinveittur aðskotahlutur á mjöðmunum á mér.

**ÞESSI** reynsla mín af París rifjaðist upp fyrir mér þar sem ég var stödd í flugvél Iceland Express nýverið. Við hlið mér sat rúmlega byggður Breti sem flæddi óþarflega mikið yfir í sætið mitt. Ég sperrti því eyrun þegar flugfreyjan auglýsti í kallkerfinu sæti til sölu með extra fótaplássi. Verð fyrir uppfærslu sagði hún 2.500 krónur – eða 20 pund. Ég kipptist við. 2.500 kr. voru ekki nema rúm 13 pund. 20 pund voru 3.700 kr. Þetta hlutu að vera mistök í gengisútreikningum. Hvorki ég né sætisfélaginn ákváðum að splæsa í betra sæti. Við keyptum okkur hins vegar bæði dós af Kóki. Fyrir drykkinn greiddi ég 250 kr. Fyrir sömu vöru greiddi Bretinn tvö pund, samtals 370 kr. Þetta höfðu þá ekki verið mistök.

**EKKI** er langt síðan umræða um mismunandi verðlag fyrir Íslendinga og útlendinga á túristastöðum á borð við Bláa lónið komst í hámæli. Sitt sýnist hverjum um sanngirni slíkra viðskiptahátta. Það getur hins vegar ekki talist góð langtímafjárfesting í ferðamannaiðnaði að kreista út úr túristum sem hingað koma smá auka klink þegar enginn sér til. Tvær evrur nægðu til að varpa skugga á helgarferð mína til Parísar. Við hljótum að vilja að ferðamenn sem sækja Ísland heim hverfi jákvæðir frá landinu; að þeir mæli með áfangastaðnum við vini og snúi jafnvel aftur sjálfir. Ísland markaðssetur sig með slagorðinu „inspired by Iceland“. Látum ferðamenn ekki halda að það sé „cheated by Iceland“.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





76.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Hljóðlát 47 dB
þvottahæfni A
Orkunýting A
þurkhæfni A
12 manna

**Uppþvottavél**
ESF 65052W
Stærð: 81.8/87.8x59.6x57.5 cm
1805331

Electrolux
5 ára ábyrgð



78.695,-

Tekur 7 kg.
Rakaskynjari
Krumpuvörn

**Þurrkari**
EDC 47100W
Stærð: 85x60x58 cm, 7 kg, barkalaus.
1805461

Electrolux
5 ára ábyrgð



78.900,-

Tekur 6 kg.
1200 snúninga

**Þvottavél**
EWF 126410W
1200 sn, 6 kg. Stærð: 85x60x60 cm
1805477

Electrolux
5 ára ábyrgð

# LÆGRA VERÐ Á HEIMILISTÆKJUM



Amica
5 ára ábyrgð

53.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Orkunýting A

**Eldavél Amica**
Steypta hellur
85x50x60 cm
1850516



69.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Orkunýting A

**Blástursofn**
EOB53100X
Níu kerfi, tvöfalt gler í hurð
1830111

Electrolux
5 ára ábyrgð



64.890,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Kælir/frystir**
Kælirými 171 ltr, frystirými 41 ltr.
Orkunýting A
1805498

Frigor
5 ára ábyrgð



9.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Vifta Amica**
OSC6562W.
60 cm, 3ja hraða.
1850575

Amica
5 ára ábyrgð



19.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Helluborð Amica**
60 cm.
1850531

Amica
5 ára ábyrgð



49.900,-

Frigor
5 ára ábyrgð

**Kælir/frystir 85 cm**
Kælirými 103 ltr,
frystirými 15 ltr.
Orkunýting A. 85x55x58 cm.
1805500

Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

*Lægsta lága verðið er lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# menning

menning@frettabladid.is

**INGA DÓRA STEFÁNSDÓTTIR MESSÓSÓPRAN** heldur tónleika á morgun klukkan 18.00 í Þjóðmenningarhúsinu en hún útskrifast með BMus-gráðu frá tónlistardeild Listaháskólans í vor. Á efnisskránni eru meðal annars verk eftir Árna Thorsteinson, J.S. Bach og Leonard Bernstein. Flytjendur auk Ingu Dóru eru Elísabet Einarsdóttir sópran og Selma Guðmundsdóttir píanóleikari.

## Auður Ava verðlaunuð í Quebec

**Skáldsagan Afleggjarinn eftir Auði Övu Ólafsdóttur hlaut á mánudag Bóksalaverðlaunin í Quebec í Kanada – Prix des libraires de Quebec.**



AUÐUR AVA ÓLAFSDÓTTIR

**Veitt voru verðlaun fyrir skáldskap frá Quebec og erlend skáldrit. Auk Auðar voru meðal annars Michel Houellebecq og Sofi Oksanen tilnefnd.**

**Prix des libraires de Quebec eru ein helstu bókmenntaverðlaunin í fylkinu og eru haldin í sambandi við bókmenntahátíð sem nú stendur yfir. Meðal fyrri verðlaunahafa eru höfundar á borð við Cormac McCarthy, Jonathan Safran Foer og Khaleid Hosseini.**

**Vegur Auðar Övu fer vaxandi í frönskumælandi löndum en bækur hennar seljast afar vel í Frakklandi. Afleggjarinn er þriðja skáldsaga Auðar. Tvær síðustu komu út hjá Sölku en Auður Ava hefur nú gert útgáfusamning við Bjart.**

# Heilsteypt steypa

Leiklist ★★★★

**Verði þér að góðu**

Sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

**Höfundur:** Leikhópurinn Ég og vinir mínir. **Leikstjórn:** Friðrik Friðriksson og hópurinn. **Flytjendur:** Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Gísli Galdur Þorgeirsson, Margrét Bjarnadóttir, Saga Sigurðardóttir og Gísli Galdur Þorgeirsson.

Eftir fyrsta raunverulega sólskinsdaginn var ljúft að bregða sér inn í myrkrið í kassa Þjóðleikhússins og láta virkilega skemmta sér á frumsýningu á laugardaginn. Sýningin Verði þér að góðu er unnin af leikhópnum Ég og vinir mínir og þar eru svo sannarlega á ferðinni vinir sem veltast hver um annan og krefjast hver af öðrum um leið og þeir ögra hver öðrum og öllu því samskiptamynstri sem þeim dettur í hug að til sé millum vina.

Fastir frasar hnjóta um þröskulda vandræðagangs í tryllingslegum takföstum dansi, ýmist vélrænum eða ofur tónliprum. Hvaða samtöl skipta máli og hvaða samtöl eru bara innantómt hjal og bull og byrjun á einhverju sem á að vera eitthvað annað en verður svo það þriðja og breytist svo kannski í tóna og skjálfandi sveiflur? Hópurinn leggur af stað í rannsóknarferð á föstum samskiptum og frösum og meðferð þeirra er ekki aðeins sprenghlægileg heldur undur fim og flott danssýning um leið og klunnalegar hreyfingar mynda mótvægi við fagmannlegan dans. Hreyfingar eiga stóran þátt í sýningunni og mynda í sjálfum sér heilt tungumál sem stundum er aðeins hljóðskreytt með innskotum orða.

Við langborð hittast vinir og sitja þar eins og bráðókunnugt fólk, tala út í loftið en allt sem er sagt er þó svo ofur kunnuglegt. Leikkonurnar Álfrún, Dóra, Saga og Margrét eru hver annarri glæsilegri í glitrandi kjólum sem hristast og skjálfa eins og laufblöð í vindi þegar þær bregða á leik. Flottir búningar hjá Rósu Hrund Kristjánsdóttur. Sveinn Ólafur Gunnarsson lék einhvers konar eiginmann og stundum heldur vandræðalegan mann og stundum pirraðan mann og stundum einhvers konar fulltrúa hins venjulega. Félagi hans Friðgeir Einarsson lenti í heldur vandræðalegri hlutverkum eins og manninum sem át allt upp eftir öðrum og var eins og amaba sem tók form af umhverfinu en eiginleg fastmótuð hlutverk var þó ekki um að ræða.

Dóra Jóhannsdóttir er svo hlægileg að hún þarf ekki nema að lyfta augabrúnum, þá liggur salurinn, en í upphafi situr hópurinn og snæðir einhvern fínan eftirrétt þar sem örlítil rjómarönd lendir á vörum og aðeins út á kinn



og sá litli matardans var alveg nægjanlegur til þess að fá allan salinn á sitt band. Að ná orði og halda því getur verið vandasamt þegar margir eru saman komnir og hvernig sú glíma getur gengið fyrir sig er snilldarlega unnið af þeim við borðið langa í algeru tilgangsleysi.

Misskilningur og oftúlkun í samtali hjóna var einnig óborganlegt þegar hann og hún takast á í meðförum þeirra Sveins og Dóru. Þar var margt sem kom á óvart og byrjunarreitir í dansatriðum gáfu aldrei til kynna hvar eða hvernig þau myndu enda.

Margrét Bjarnadóttir var áberandi liðugust, minnti helst á litlu rússnesku fimleikastúlkurnar sem komu hingað á árum áður. Að fylgjast með danstryllingshristingi hennar var spennuþrungið. Álfrún Helga Örnólfsdóttir var eins og marsipanævintýri í sínum fallega bleika kjól, barnshafandi en þó hoppandi og spriklandi eins og hún ætti lífið að leysa. Saga Sigurðardóttir átti getnaðarfulla spretti í sínum fjólubláa glingurkjól með hárið svo ofurrautt og mikið. Hún brá af sér hluta af hárinu á einhverjum tímapunkti og breyttist í trylltan gæðing. Leit að innantómum orðum varð að hljóðum, að tónum sem magnaðir voru upp og stökk þá tónlistarstjórinn Gísli Galdur fram með hljóðnema og nýr rythmi hófst.

Eitt aðalviðfangsefnið var þó hvort hægt væri að ögra sjálfum sér, hvort hægt væri að vera frumlegri en nokkur annar hefur nokkurn tíma verið. Kannski var flett upp í uppeldisfræði Piagets í sambandi við hvað maðurinn í raun og veru er, nefnilega allt það sem hann hefur orðið fyrir. Örvæntingarfullar tilraunir til frumlegheita áttu mjög vel við umræður síðustu vikna. Fletirnir voru margir og hugdettur allar kunnuglegar í þessum samskiptadansi sem endaði í einni ferhyrndri mynd.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Mjög heilsteypt, sprenghlægileg og smart sýning!






**HEYR Á ENDEMI** Lilja segir marga taka myndlistina of hátíðlega en markmið Endemi sé meðal annars að taka hana af stallinum sem margir upplifi myndlistina á og gera hana aðgengilegri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Listin tekin af stallinum

**Endemi nefnist nýtt tímarit helgað samtímalist íslenskra kvenna. Ritið kemur út þrisvar á ári og er ætlað að brúa bilið milli myndlistar og almennings og jafna hlut kynjanna í listaumfjöllun.**

Fyrsta tölublað menningarritsins Endemi kom út fyrir helgi. Stefna blaðsins er að beina sjónum að samtímalist íslenskra kvenna en að tímaritinu standa níu konur, flestar nýútskrifaðar úr Listaháskóla Íslands. Lilja Birgisdóttir er þeirra á meðal.

„Okkur fannst vanta meiri umfjöllun um myndlist, ekki síst eftir konur,“ segir Lilja. „En í staðinn fyrir að kvarta yfir því ákváðum við að leggja eitthvað af mörkum og búa til nýjan vettvang.“

Spurð hvort halli á konur í myndlistargeiranum svarar Lilja já og nei. „Það er mikið af starfandi listakonum, ekki síst í neðanjarðarsenunni, sem er hins vegar síður launuð. Eftir því sem ofar dregur virðist konum fara fækkandi. Það virðist líka vera minni umfjöllun um list kvenna en karla. Við ákváðum því að helga blaðið konum fyrsta árið, til þess að jafna muninn, en það er aldrei að vita nema við tökum upp alhliða myndlistarumfjöllun eftir það.“

Annað markmið útgáfunnar er að sögn Lilju að gera myndlist aðgengilegri.

„Við vildum taka myndlistina af þessum stalli sem ég held að margir upplifa hana á, færa hana í aðgengilegt tímaritstform sem fólk getur keypt á 2.500 krónur og skoðað heima hjá sér og þess vegna klippt út og hengt upp á vegg.“

Stefnt er á að tímaritið komi út þrisvar á ári en yfirritstjóri er Elísabet Brynhildardóttir. Hlaðvarpinn styrkti útgáfuna fyrsta árið en Lilja segir vonir standa til að útgáfan geti staðið undir sér í framtíðinni.

Í tilefni af útgáfunni var efnt til sýningar í Kling og Bang við Hverfisgötu með verkum nokkurra þeirra myndlistarkvenna sem fjallað er um eða eiga verk í fyrsta tölublaðinu. Sýningin stendur til 15. maí.

bergsteinn@frettabladid.is

# Óperukór í Hafnarborg

Óperukór Hafnarfjarðar heldur sína árlegu vortónleika í Hafnarborg í kvöld klukkan 20. Sungin verða nokkur kórverk úr heimi óperubókmenntanna með einsöngvurum sem allir koma úr röðum kórfélaga. Einnig verða fluttir sviðsettir kaflar úr óperettunni Leðurblökunni eftir Jóhann Strauss undir leikstjórn Ingunnar Jensdóttur, sem einnig syngur með kórnum.

Stjórnandi Óperukórs Hafnarfjarðar er Elín Ósk Óskarsdóttir, sem á 25 ára söngafmæli í ár og heldur upp á það með tónleikum í sumar.



**ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR** Stjórnar Óperukór Hafnarfjarðar í Hafnarborg í kvöld.







# Sjúkur húmor frá Kanada

**Grínistinn Jon Lajoie er kominn til landsins. Myndbönd hans á Youtube eru komin með hátt í 300 milljónir áhorfa, en hann er spenntur fyrir því að vera túristi á Íslandi.**



**MÆTTUR Á SVÆÐIÐ** Jon Lajoie var ferskur í gær, enda skellti hann sér í sturtu áður en hann hitti ljósmyndara Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

„Þetta verður fjölbreytt sýning og það verður mikið af sjúkum og brengluðum húmor," segir kanadíski grínistinn Jon Lajoie.

Lajoie kom til landsins í gær og kemur fram í Háskólabíói á morgun. Hann segir ferð til Íslands hafa verið lengi á döfinni en fékk nauðsynlegt spark í rassinn þegar haft var samband og honum boðið að koma hér fram.

„Ég var mjög ánægður þegar haft var samband við mig og mér boðið að vera með uppistand á Íslandi," segir Lajoie. „Þið eruð með góðan húmor, allavega þeir sem ég hef hitt. Ég hlakka til að koma fram og sjá hversu langt ég get gengið."

Ætlarðu yfir strikið?

„Ég ætla að reyna. En það virðist ekki vera neitt strik hjá ykkur. Ég er aðeins búinn að prófa grínið og þið gangið strax eins langt og þið komist. Ég kann vel við ykkur."

Jon Lajoie býr í Los Angeles, þar sem hann kemur fram í sjónvarpsþáttunum The League. Grínmyndbönd hans á Youtube komu honum á kortið, en áhorf á myndbönd hans nálgast 300 milljónir. Á sýningunni á morgun ætlar hann meðal annars að kenna fólki að gera vinsæl netmyndbönd. „Það er auðvitað bara grín," segir hann. „En það er mikið af tónlist, sum gömul lög og önnur ný sem fólk þekkir ekki. Ég hef aldrei flutt lagið WTF Collective á sviði og ætla að gera það í fyrsta skipti á sviði á Íslandi."

Þegar karlmenn úr skemmtanabransanum koma til Íslands detta þeir yfirleitt í það og elta stelpurnar. Ætlar þú að gera það?

„Guð minn almáttugur, það er ógeðslegt. Nei. Ég ætla ekki að gera mig að fífli."

En í alvöru?

„En í alvöru, jújú. Konurnar ykkar. Ég veit ekki hvað þið setjið í vatnið, en guð minn góður."

Ertu mikill drykkjumaður?

„Ég er að reyna að drekka minna. Ég drekk yfirleitt ekkert eða þúsund drykki og gleymi öllu. Það kemur oft fyrir og núna er ég að jafna mig á lungnabólgu þannig að ég neyðist til að haga mér sæmilega vel. Sem er fyrir bestu."

Lajoie hyggst vera á landinu í tæpa viku, en hann ferðast með Jason bróður sínum, sem er einnig aðstoðarmaður hans. Þeir ætla að vera miklir túristar á landinu og Lajoie segist vera búinn að lesa túristabókina sína spjalda á milli. „Ég vil fara í hvalaskoðun, gönguferðir og í Bláa lónið," segir hann. „Allar þessar túristaferðir sem eru eflaust ekkert spennandi fyrir ykkur. Ég vil nýta ferðina til hins ýtrasta."

Miðasala á sýningu Jon Lajoie fer fram í versluninni Skór.is í Kringlunni. Grínistinn Þórhallur Þórhallsson sér um upphitun.

atlifannar@frettabladid.is

# Fögnuðu Sjálfstæðri þjóð

**Útgáfuhóf var haldið í Eymundsson á dögunum til að fagna nýrri bók stjórnmálafræðingsins Eiríks Bergmanns, Sjálfstæð þjóð. Í bókinni fjallar Eiríkur um þau áhrif sem hugmyndir um þjóðina og fullveldið hafa á stjórnmálaumhverfið.**



**KORMÁKUR OG SKJÖLDUR** Vinirnir og veitingamennirnir Kormákur og Skjöldur létu sig ekki vanta í útgáfuhófið.



**EINAR KARL OG GÍSLI** Einar Karl Haraldsson almannatengill og Gísli Gunnarsson litu við.



**ÁRITUN** Eiríkur Bergmann áritar bók sína í Eymundsson fyrir Hope Knudson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| FAST AND FURIOUS 5 | 7 og 10 POWER |
| THOR 3D | 5, 7.30 og 10 |
| RIO - ISL TAL 3D | 5 |
| YOUR HIGHNESS | 10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE kl. 5:20 - 8 - 10:40 (Powersýning kl.10:40) | | 12 |
| FAST FIVE Luxus VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| SOMETHING BORROWED | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | L |
| THOR 3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| CHALET GIRL | kl. 5:50 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| SOURCE CODE | kl. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 10:20 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 (Powersýning kl.10:40) | 12 |
| THOR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 7 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| ARTHUR | kl. 5.20 - 8 | 7 |
| RIO 3D ísl.Tal | kl. 5.30 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE kl. 5:20 - 8 - 10:10 -10:40 Powersýning kl.8) | | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| FAST FIVE Í LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.20 – 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.40 – 8 – 10.20 | 12 |
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio




TILBOÐ MÁNAÐARINS
BIOTTA
20% AFSLÁTTUR
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT MAÍ
DIGEST SAFI
Lífrænn og ljúffengur ávaxtasafi, náttúruleg uppspretta sorbitols úr sveskjum, fíkjum og fleiri ávöxtum.
RAUÐBEÐUSAFI
Hreinsandi eiginleikar og einstakt næringargildi. 100% lífræn ræktun.
Apótekið
–einfalt og ódýrt
Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is

BÍÓ ★ PARADÍS
BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| ROUTE IRISH | 17:50, 20:00,22:10 |
| KURTEIST FÓLK | 18:00, 20:00 |
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 22:00 |
| ASTRÓPÍA (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| BJARNFREÐARSON (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| THE GOOD HEART (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Pacino til liðs við Gotti

Óskarsverðlaunahafinn Al Pacino hefur bæst í ört stækkandi leikhóp mafíumyndarinnar Gotti: Three Generations samkvæmt bandaríska stórblaðinu Washington Post. Myndin fjallar, eins og nafnið gefur til kynna, um Gotti-mafíufjölskylduna sem öllu réð í undirheimum New York í lok síðustu aldar. Pacino mun leika Neil Dellacroce, glæpahöfðingja og lærimeistara John Gotti eldri sem leikinn verður af John Travolta.

Þetta þykir vel við hæfi því fáum hefur tekist jafn vel upp og Pacino að leika mafíósa eða glæpaforingja. Hann var ákaflega eftirminnilegur í hlutverki Michaels Corleone í Guðföðurmyndunum þremur og ekkert síðri sem Lefty Ruggiero í Donnie Brasco, Carlito Brigante í Carlito's Way og Tony Montana í Scarface.

Leikarahópurinn fyrir myndina er þar með næstum kominn á hreint þótt enn eigi eftir að ráða í hlutverk John Gotti yngri. Leikstjóri verður Barry Levinson en meðal annarra leikara má nefna Joe Pesci, Lindsay Lohan og Ellu Blue Travolta.



**SAMAN** Al Pacino og John Travolta munu leika saman í mafíumyndinni Gotti: Three Generations. Fáir eru jafn góðir í að leika glæpaforingja og Pacino.

# Hættur í House

Hugh Laurie, sem farið hefur á kostum í hlutverki dr. Gregory House í sjónvarpsþáttunum House, hefur gefið það út að næsta þáttaröð verði sú síðasta. „Ég held að þetta verði síðasta þáttaröðin með mér. Ég hef allavega skilið þetta þannig," hefur Radio Times Magazine eftir leikaranum.

Laurie, sem hefur verið tilnefndur til sex Golden Globe verðlauna og fengið tvenn fyrir leik sinn í þáttunum, hyggst einbeita sér að tónlistarferli sínum en hann gaf nýverið út sína fyrstu blúsplötu, sem nefnist Let Them Talk. Hann hyggst koma fram á nokkrum tónleikum í sumar í Evrópu og hann viðurkennir að hann kunni betur við tónlistarsviðið en leiklistina. Laurie flutti til Los Angeles til að geta leikið í þáttaröðinni en segist ekki skilja hvers vegna þættirnir hafi lifað í sjö ár. „Ég hélt að þeir myndu endast í tvær vikur."



**FARINN** Hugh Laurie hyggst hætta sem dr. House í sjónvarpsþáttunum House og einbeita sér að blústónlist.



**TIL HEIÐURS CASSIDY** Jóhanna Guðrún syngur til heiðurs Evu Cassidy á tónleikum í Salnum í Kópavogi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Til heiðurs Evu Cassidy

**Jóhanna Guðrún ætlar að syngja til heiðurs bandarísku söngkonunni Evu Cassidy á tónleikum í Salnum 16. júní. Cassidy var þjóðlagasöngkona frá Washington í Bandaríkjunum en lést aðeins 33 ára gömul árið 1996. Hún gaf út tvær plötur á sínum ferli sem náðu einungis athygli á hennar heimaslóðum í Bandaríkjunum. Fjórum árum eftir dauða hennar var hennar útgáfa af Somewhere Over the Rainbow spiluð á BBC í Englandi og þá fóru hjólin að snúast. Bróðir Evu, Dan Cassidy, kemur fram á tónleikunum með Guðrúnu. Miðasala fer fram á Midi.is.**



**ÁRSTÍÐIR** Hljómsveitin ætlar að spila á tónlistarhátíðum víða um Evrópu í sumar.

# Spilar víða um Evrópu

Þjóðlagahljómsveitin Árstíðir ætlar að spila á tónlistarhátíðum í Þýskalandi, Ungverjalandi, Póllandi og víðar í júlí og ágúst. Áður en sveitin fer út ætlar hún að loka sig af í hljóðveri ásamt upptökustjórunum Ólafi Arnalds og Styrmi Haukssyni og vinna að næstu plötu sinni, sem er væntanleg með haustinu. Næstu tónleikar Árstíða verða á föstudaginn á Café Rosenberg, þar sem gestum gefst tækifæri til að heyra lög af nýju plötunni auk eldri laga. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.



# sport

sport@frettabladid.is



**WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON** mun ekki verða ákærður fyrir ummæli sín um Gunnar Jarl Jónsson dómara. Willum fór ófögrum orðum um Gunnar eftir leik KR og Keflavíkur og sagði meðal annars að Gunnar væri ofmetinn. Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, hefði getað vísað ummælunum til aganefndar en hann lét það eiga sig.



**FH FÆR FYLKI** Bikarmeistararnir eiga erfitt verkefni fyrir höndum.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Dregið í Valitor-bikarnum:

## Tveir úrvalsdeildarslagir

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í 32 liða úrslit bikarkeppni KSÍ, Valitor-bikarsins.

Tveir úrvalsdeildarslagir verða í næstu umferð en FH tekur á móti Fylki og KR þarf að sækja Stjörnuna heim á gervigrasið.

Leikirnir fara fram 25. og 26. maí. **- hbg**

**32 liða úrslit**

| |
|---|
| Njarðvík - HK |
| Breiðablik - Völsungur |
| Léttir - KFS |
| Fjölnir - Selfoss |
| BÍ/Bolungarvík - Reynir S. |
| Þór - Leiknir F. |
| ÍR - Þróttur R. |
| Berserkir - Fram |
| Valur - Víkingur Ó. |
| FH - Fylkir |
| KV - Víkingur R. |
| Kjalnesingar - ÍBV |
| Höttur - Keflavík |
| Haukar - KF |
| Stjarnan - KR |
| KA - Grindavík |

ÍBV fékk nýjan leikmann:

## Reyndur miðjumaður til Eyja

**FÓTBOLTI ÍBV samdi í gær við hinn 34 ára gamla miðjumann Bryan Hughes.**

**Hughes er afar reyndur miðjumaður sem lék til margra ára í ensku úrvalsdeildinni.**

**Hann hefur verið á mála hjá Birmingham, Charlton, Hull og Derby svo einhver lið séu nefnd.**

**Eyjamenn eru samt ekki hættir á leikmannamarkaðnum, en þeir leita enn logandi ljósi að framherja.** **- hbg**

# Saka Frey um óheiðarleg vinnbrögð

**KR hefur sent inn formlega kvörtun til KSÍ vegna Freys Alexanderssonar, aðstoðarþjálfara Vals. KR-ingar halda því fram að Freyr hafi rætt við Ingólf Sigurðsson, leikmann KR, um að koma í Val án leyfis Vesturbæinga. Freyr vísar ásökunum KR-inga á bug og segist koma af fjöllum. Ingólfur vill losna frá KR.**

**FÓTBOLTI** Hinn átján ára gamli leikmaður KR, Ingólfur Sigurðsson, setti allt í loft upp í Vesturbænum er hann ákvað að koma umkvörtunum sínum um félagið á framfæri á óvenjulegan hátt. Hann setti inn færslu á samskiptasíðuna Twitter þar sem hann sagði ungum og efnilegum leikmönnum að halda sig frá KR.

Ingólfur fjarlægði síðar færsluna en viðurkenndi í samtali við fótbolti.net að hafa sett færsluna inn viljandi þar sem hann væri til í að gera allt til þess að losna frá KR. Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, sagði við Fréttablaðið að framkoma Ingólfs ylli sér vonbrigðum. Hann segir þó aðstoðarþjálfara Vals, Frey Alexandersson, hafa skipt sér fullmikið af málinu.

„Þetta kom okkur á óvart. Heimildir okkar, frá Ingólfi sjálfum, herma að Valsmenn hafi verið að ræða við hann. Hann er samningsbundinn KR og það er því ólöglegt. Ingólfur segir að það sé Freyr aðstoðarþjálfari. Við höfum sent formlega kvörtun til KSÍ vegna þessa máls,“ sagði Kristinn, en hann hefur ekkert rætt við Val vegna málsins. „Drengurinn er samningsbundinn KR og það vita allir að svona á ekki að vinna hlutina. Samkvæmt okkar



**KEMUR AF FJÖLLUM** Freyr Alexandersson, til hægri, segir ekkert hæft í ásökunum KR-inga. Hann hafi ekki rætt við Ingólf um að koma í Val. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

upplýsingum er búið að ræða við hann um hugsanleg félagaskipti í Val. Það eina sem við getum gert í því er að senda inn kvörtun. Þetta eru samt kaldar kveðjur til annarra sem eru í kringum hann í KR.“

Fréttablaðið hafði samband við Frey og bar þessar ásakanir KR undir hann. „Ég kem af fjöllum og þetta er úr lausu lofti gripið. Ég hef ekki rætt við Ingólf um hans málefni síðan í janúar er við reyndum að fá hann. Þá fór hann í KR. Þetta er rangt,“ sagði Freyr. „Mér finnst ömurlegt að KR sé að klína þessu á mig. Þetta er annað hvort misskilningur eða lygi.“

Ingólfur er samningsbundinn KR út leiktíðina og verður að teljast afar ólíklegt að hann eigi afturkvæmt í leikmannahóp KR eftir upphlaupið.

„Flestir geta eflaust sagt sér að það sé ekki mikill áhugi að vinna með manni sem kemur svona fram. Við förum yfir það í rólegheitum hvað gerist næst í hans málum,“ sagði Kristinn en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur vel til greina hjá KR að lána Ingólf. Valur er ekki möguleiki sem stendur en Þór á Akureyri fær leikmanninn hugsanlega að láni. Hvort Ingólfur vill fara þangað er önnur saga.

**henry@frettabladid.is**

Guðjón Pétur Lýðsson var besti leikmaður 2. umferðar í Pepsi-deild karla að mati Fréttablaðsins:

# Fór í Val til að bæta mig sem fótboltamann

**FÓTBOLTI** Valsmaðurinn Guðjón Pétur Lýðsson er besti leikmaður 2. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Guðjón Pétur átti mjög góðan leik í 2-0 sigri Vals í Grindavík og skoraði flottasta mark umferðarinnar. Guðjón er búinn að skora í fyrstu tveimur deildarleikjum sínum í Valsbúningum og Valsmenn eru einir á toppnum með fullt hús.

„Það er alltaf gaman að skora mörk. Ég hef mjög gaman af því að láta vaða enda sást það í vetur þegar ég setti nokkur,“ segir Guðjón, sem sér ekki eftir því að hafa farið í Val.

„Ég hef alltaf haft trú á sjálfum mér og stefndi alltaf hærra, þannig að þetta er mjög gaman. Ég fór aðallega í Val til þess að bæta mig sem fótboltamann og fá alvöru leiðsögn frá alvöru þjálfurum. Það hefur heldur betur skilað sér. Ég hef fengið mikið af aukaæfingum í vetur og hef æft mjög vel,“ segir Guðjón, en það er kannski engin tilviljun að hann hafi komist strax inn í hlutina á Hlíðarenda.

„Ég þekkti marga stráka í liðinu áður en ég kom. Við erum allir góðir félagar og höfum verið mikið saman í vetur. Við höfum verið að gera alls konar hluti í kringum félagið og höfum meðal annars verið að hringja á ýmsa Valsara og reyna að fá þá á völlinn,“ segir Guðjón.

„Við erum með gott lið en við erum líka tilbúnir að vinna hver fyrir annan og það er kannski aðalatriðið,“ segir Guðjón, sem verður áfram í stóru hlutverki þegar Valsmenn halda upp á 100 ára afmælisdaginn með því að taka á móti ÍBV. **- óój**

**Lið 2. umferðarinnar**

**Hér fyrir neðan má sjá lið 2. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins.**

Sigmar Ingi Sigurðsson, Breiðabliki
Daníel Laxdal, Stjörnunni
Pétur Viðarsson, FH
Egill Atlason, Víkingi
Viktor Örn Guðmundsson, FH
Janez Vrenko, Þór
Björn Daníel Sverrisson, FH
Guðjón Pétur Lýðsson, Val
Christian Mouritsen, Val
Albert Brynjar Ingason, Fylki
Óskar Örn Hauksson, KR



**GUÐJÓN PÉTUR LÝÐSSON** Hefur byrjað vel með Val. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




100 ára

1911 2011

11. maí

# Knattspyrnufélagið Valur þakkar þjóðinni samfylgd í eitt hundrað ár

Dagskrá afmælisdagsins:

| | |
|---|---|
| 08:30 | Morgunstund að Hlíðarenda |
| 12:00 | Athöfn við styttu Sr. Friðriks Friðrikssonar í Lækjargötu |
| 16:00 | Hátíðardagskrá að Hlíðarenda |
| 20:00 | Valur - Vestmannaeyjar í Pepsideild karla |

*100 ár*
*102 Íslands - og bikarmeistaratitlar í knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik karla og kvenna.*

## > Matt Damon

„Fólk sagði við mig: „Þú átt eftir að njóta frægðarinnar í viku, en aldrei aftur," en ég held að ég hafi ekki ennþá upplifað þessa viku. Ég gæti hafa verið að vinna á meðan og misst af henni."

***Matt Damon er í hlutverki Jason Bourne í hörkuspennandi njósnamyndinni The Bourne Identity sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON OG BEÐMÁLIN Í BORGINNI

# *Þegar bera holdið var krydd*

Einu sinni var nóg fyrir mig að sjá ber kvenmannsbrjóst í sjónvarpinu til að gefa viðkomandi þætti eða kvikmynd hæstu einkunn. Það var fyrir nokkrum árum þegar hormónasturlun unglingsára minna nálgaðist hámark og bert hold í fjölmiðlum og á netinu var ekki eins sjúklega aðgengilegt og það er í dag.

Í gegnum þessa ónáttúru kynntist ég þáttunum Sex and the City á sínum tíma. Blindaður af *möguleikanum* á því að sjá eitthvað sem ég sá ekki í skólanum hundsaði ég þá staðreynd að þættirnir eru fyndnir, skemmtilegir og almennt velheppnaðir. Mér var alveg sama um það. Hin vergjarna Samantha var ávallt til í að sýna mér það sem ég vildi sjá og það var mikil hátíð ef hin snoppufríða Charlotte tók slaginn.



Nokkrum árum síðar voru þættirnir endursýndir. Ég horfði á allt öðrum forsendum og bera holdið varð krydd í stað uppistöðuhráefnis. Þá uppgvötaði ég snilldina og fagna því ákaft þegar ég rekst á endursýnda þætti enn þann dag í dag. Í síðasta þætti olli einhvers konar svefnhljóðavél Carrie miklu hugarangri, en nýi kærastinn þurfti nauðsynlega á vélinni að halda til að geta sofið. Charlotte vildi vera gyðingur og Samantha var við sama heygarðshornið, flekandi ungan þjón sem dreymdi um að verða leikari.

Ég geng reyndar ekki svo langt að kanna gæði kvikmyndanna um Carrie Bradshaw og vinkonur hennar. Vel skrifuðum samtölum að hætti sjónvarpsstöðvarinnar HBO hefur nefnilega verið skipt út fyrir skærbleikan Hollywood-glamúr sem höfðar engan veginn til mín. Skríkjandi Cosmopolitan-þambandi vinkonuhópar mega eiga kvikmyndirnar – ég held áfram að horfa á endursýningar á þáttunum.

## RÚV

**15.15 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e)
**17.20 Reiðskólinn** (7:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (33:42)
**18.30 Fínni kostur** (12:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** (51:53) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**20.55 Sakborningar** (1:6) Bresk þáttaröð eftir handritshöfundinn Jimmy McGovern. Í hverjum þætti er rifjuð upp saga sakbornings sem bíður þess í fangelsi að verða leiddur fyrir dóm. Meðal leikenda eru Christopher Eccleston, Mackenzie Crook, Juliet Stevenson, Peter Capaldi og Andy Serkis.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Íslenski boltinn**
**23.10 Laxveldið**
**00.05 Landinn** (e)
**00.35 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir** (e)
**01.15 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Darwin Awards**
**10.00 Men at Work**
**12.00 Open Season 2**
**14.00 The Darwin Awards**
**16.00 Men at Work**
**18.00 Open Season 2**
**20.00 Bourne Identity**
**22.00 Hancock**
**00.00 21**
**02.00 The Ruins**
**04.00 Hancock**
**06.00 Four Weddings And A Funeral**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (15:22)
**11.00 Cold Case** (17:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (4:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (29:43)
**13.25 Chuck** (6:19)
**14.10 Pretty Little Liars** (14:22)
**14.55 iCarly** (12:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (6:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (8:24)
**19.45 Modern Family** (7:24)
**20.10 Elite-keppnin** Fyrri hluti spennandi þáttar þar sem sýnt er frá Elite-keppnnini sem haldin var á dögunum. í þessum þætti fáum við að kynnast keppendunum tólf sem kepptu til úrslita.
**20.40 Gossip Girl** (13:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**21.25 Grey's Anatomy** (19:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**22.10 Ghost Whisperer** (9:22)
**22.55 The Ex List** (4:13)
**23.40 Sex and the City** (4:20)
**00.15 Steindinn okkar** (5:8)
**00.40 NCIS** (13:24)
**01.25 Fringe** (12:22)
**02.10 Generation Kill** (2:7)
**03.15 Medium** (2:22)
**04.00 Clerks 2**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Getafe** Útsending frá leik Real Madrid og Getafe í spænsku úrvalsdeildinni.
**17.05 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Göppingen** Útsending frá leik Füchse Berlin og Frisch Auf Göppingen í þýska handboltanum.
**18.35 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**19.45 Valur - ÍBV** Bein útsending frá leik Vals og ÍBV í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsi-mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**23.10 Spænski boltinn: Levante - Barcelona** Útsending frá leik Levante og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni. Leikurinn er í beinni á Stöð 2 Sport 3 kl. 17.50.
**00.55 Valur - ÍBV**
**02.45 Pepsi mörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. City - Tottenham**
**16.30 Aston Villa - Wigan** Útsending frá leik Aston Villa og Wigan Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Newcastle - Birmingham** Útsending frá leik Newcastle United og Birmingham City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**20.55 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.25 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**22.40 Wolves - WBA** Útsending frá leik Wolverhampton Wanderers og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.35 Matarklúbburinn** (7:7)
**08.00 Dr. Phil** (174:181)
**16.55 Innlit/ útlit** (10:10)
**17.25 Dr. Phil** (175:181)
**18.10 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (1:5)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (46:46)
**19.25 Will & Grace** (7:25)
**19.50 Spjallið með Sölva** (13:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti. Honum er ekkert óviðkomandi og í þáttunum er hæfileg blanda af gríni og alvöru, allt í opinni dagskrá.
**20.30 Blue Bloods** (15:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranos með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New York borgar.
**21.15 America's Next Top Model** (7:13) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.05 Rabbit Fall** (7:8) Kanadísk spennuþáttaröð. Lögreglukonan Tara Wheaton sér um löggæslu í yfirnáttúrulegum smábæ.
**22.35 Penn & Teller** (7:10) Galdrakarlarnir brögðóttu afhjúpa svikahrappa og svindlara í þessum bráðskemmtilegu þáttum.
**23.05 Hawaii Five-0** (10:24)
**23.50 Law & Order: Los Angeles** (7:22)
**00.00 Innlit/ útlit** (10:10)
**00.35 CSI: New York** (1:23)
**01.20 Will & Grace** (7:25)
**01.40 Blue Bloods** (15:22)

## SKJÁRGOLF

**08.10 Wells Fargo Championship** (2:4)
**11.10 Golfing World** (81:240)
**15.50 Ryder Cup Official Film 1995**
**16.45 Ryder Cup Official Film 2004**
**18.00 Golfing World** (83:240)
**18.50 Inside the PGA Tour** (18:42)
**19.20 LPGA Highlights** (5:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (9:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (19:42)
**22.00 Golfing World** (83:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (17:45)
**00.00 Wells Fargo Championship** (4:4)
**06.00 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (26:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag**
**21.55 Bones** (7:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.40 Hung** (4:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um skólaliðsþjálfara á fimmtugsaldri sem stendur á rækilegum tímamótum lífi sínu. Hann ákveður að taka málin í sínar hendur og reynir fyrir sér sem karlkyns gleðikona með æði misjöfnum árangri, þrátt fyrir að vera einstaklega vel vaxinn niður og góður í bólinu.
**23.15 Eastbound and Down** (4:6) Ný gamanþáttaröð með Danny McBride í aðalhlutverki. Kenny Powers var stjarna í hafnabolta þar til sjálfselska hans varð til þess að honum var hent út úr meistaradeildinni.
**23.45 Daily Show: Global Edition**
**00.10 Falcon Crest** (26:28)
**01.00 The Doctors**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Þátturinn um Icesave-samninginn.
**20.30 Eru þeir að fá´nn?** Bender og félagar komnir í vöðlurnar.
**21.00 Gestagangur hjá Randver** Randver og góðir gestir.
**21.30 Bubbi og Lobbi**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Elite-keppnin

Fyrri hluti skemmtilegs þáttar um Elite-fyrirsætukeppnina. Tólf ungar fyrirsætur keppa til úrslita og sigurvegarinn hlýtur nafnbótina Elite-stúlkan og þátttökurétt í Elite Model World-keppninni sem fram fer í nóvember.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Silas Marner: Saga um mannlegt samfélag **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**08.20** The Inspector Lynley Mysteries **09.10** The Inspector Lynley Mysteries **10.00** EastEnders **10.25** Fawlty Towers **11.00** ,Allo ,Allo! **11.35** ,Allo ,Allo! **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Fawlty Towers **13.10** ,Allo ,Allo! **13.40** ,Allo ,Allo! **14.10** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.45** Fawlty Towers **16.25** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo

### DR 1

**12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Det Søde Sommerliv **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Fem dage **21.00** Onsdags Lotto **21.05** OBS **21.10** Narkobander **21.55** Livet efter forbrydelsen

### NRK 1

**11.50** Glimt av Norge **12.00** NRK nyheter **12.05** Ut i naturen **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Bjornson - europeeren **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Brennpunkt **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** Lov og orden. London **20.25** 4-4-2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** På kanten av stupet **22.10** Brennpunkt **23.10** Kjærlighetshagen

### svt1

**09.15** Go'kväll **10.00** Huset fullt av hundar **11.00** Eurovision Song Contest **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Smartare än en femteklassare **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Krig för fred **19.30** Livräddarna **20.00** The Event **20.45** Bored to Death **21.15** Mästarnas mästare **22.15** Fotboll är gud




# HD FITNESS

## Heitt djúpvöðva fitness (HD fitness) er glænýtt æfingakerfi fyrir þær sem sækjast eftir tónuðum líkama og tígulegu fasi

HD fitness æfingakerfið fer fram í heitum sal og byggist á rólegum styrktaræfingum ásamt djúpum teygjum. Eingöngu er unnið með eigin líkamsþyngd.

HD fitness-kerfið er byggt á æfingum sem stjörnur á borð við Jennifer Aniston og Gwyneth Palthrow iðka.

Sérstakar áherslur eru á styrkingu djúpvöðva í kvið og baki og djúpar teygjuæfingar sem lengja og styrkja alla vöðva líkamans.

Hitinn í salnum auðveldar að ná djúpum teygjum og líkaminn hitnar fljótt og vel.

HD fitness-kerfið er hannað af Ágústu Johnson, Önnu Eiríksdóttur og Helgu Lind Björgvinsdóttur.

6-vikna námskeið
Þjálfun 2x í viku

**Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is**

Ný námskeið að hefjast.

HREYFING HEILSULIND
BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is





## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Butterchicken á Gandhi. Hann er ólýsanlegur og breytir lífi manns. Svo er meðlætið hreinn unaður: Jógúrtsósa og sérlegt papriku-lauks-kombó.“*

Tobba Marinós, ritstjóri vefmiðla og kynningarfulltrúi hjá Skjá einum.

# Frægasti hjólabrettamaður heims á Íslandi

Hjólabrettagoðsögnin Tony Hawk kom til landsins í gær ásamt fjölskyldu sinni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hawk er í fríi á landinu og stoppar stutt, þar sem hann sýnir listir sínar í Svíþjóð á laugardaginn.

Tony Hawk er 42 ára gamll og frægasti hjólabrettakappi heims. Hann hefur unnið til fjölmargra verðlauna í íþróttinni ásamt því að hafa verið gerður ódauðlegur í tölvuleiknum Tony Hawk's Skateboarding sem hefur kom fyrst út árið 1999 og svo óslitið til ársins 2010.

Tony Hawk virðist ætla að koma sér í samband við íslenska hjólabrettamenn miðað við færslu sem hann birti á Twitter-síðu sinni í síðustu viku. Þar kallaði hann eftir upplýsingum um aðstæður til hjólabrettaiðkunar á Íslandi og sagðist vera að leita að upplýsingum um íslenska hjólabrettamenn.



**TONY HAWK MÆTTUR** Óvíst er hvort hjólabrettagoðsögnin Tony Hawk rennir sér á bretti í ferð sinni til Íslands.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Íslenska gamanþáttaröðin **Næturvaktin** var tekin til sýningar á BBC Four á mánudagskvöld. Ekki er hægt að segja að breskir gagnrýnendur hafi tekið þáttunum opnum örmum, gagnrýnandi Independent sagði þættina einfaldlega ekki vera fyndna en gagnrýnandi vefsíðunnar The Art Desk er ekki alveg jafn dómharður, honum finnst grínið reyndar rista grunnt en sér margt efnilegt. Nokkrir enskir notendur twitter-síðunnar voru hins vegar jákvæðari í garð íslensku sjónvarpsseríunnar og sögðu ótrúlegt að þeim gæti þótt eitthvað íslenskt svona fyndið. - fgg









**STARFAR MEÐ NORRÆNUM RÖPPURUM** Erpur hefur unnið mikið með norrænum röppurum upp á síðkastið. Hann stígur á svið víða um Norðurlönd í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ERPUR EYVINDARSON: GAMAN AÐ HEYRA NÝ HLJÓÐ

# Er orðinn eftirsóttur hjá norrænum röppurum

Rapparinn Erpur Eyvindarson, eða Blazroca, hefur unnið mikið með norrænum röppurum upp á síðkastið. Stutt er síðan hann tók upp nýtt lag með Kaptein På Skuta frá Þrándheimi.

„Hann er mjög skemmtilegur. Hann er pólitískur og töff,“ segir Erpur. „Ég var að taka þennan íslenska status út frá konseptinu í því lagi, um það hvernig kúkalabbarnir á Íslandi eru að drulla í sig.“

Kaptein På Skuta hefur verið duglegur að gefa út lög í gegnum tíðina í samstarfi við aðra rappara en óvíst er hvenær lagið með Erpi kemur út. Hann fékk taktinn sendan frá Noregi í gegnum netið og rappaði síðan sjálfur ofan í hann með aðstoð upptökustjórans Gula drekans sem vann einnig með Erpi í laginu Elskum þessar mellur.

Erpur vann á sínum tíma með norrænum röppurum í tengslum við hljómsveitina Hæstu hendina og þar áður á fyrstu Rottweiler-plötunni. Að undanförnu hefur hann rappað inn á lög með ýmsum flytjendum en mest frá Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Vinsælasta hiphop-tímarit Norðurlanda, Kingsize, tók viðtal við hann og svo virðist sem Erpur sé orðinn frekar þekkt nafn í norræna rappheiminum. „Það er gaman að því að allt í einu sé þetta lið að fylgjast með manni. Ég hef ekkert verið í þessu „að reyna að meika það í útlöndum-rúnki“ og það er fyndið að þetta gerist svona sjálfkrafa,“ segir Erpur, sem hefur fengið boð um að spila í Noregi, Svíþjóð og Danmörku í sumar. „Það er rosalega gaman að spila fyrir nýtt fólk. Maður getur alveg farið á Hofsós og tekið góða tónleika en það er líka gaman að heyra ný hljóð og ný sánd, tékka á senunni og vinna með erlendu liði.“

Rapparinn hefur einnig í nógu að snúast hér heima í sumar. Hann er nýbúinn að klára sumarfríið sitt og núna fer allt á fullt. „Þetta verður rosalega gott sumar og það verður gaman að fylgja plötunni eftir,“ segir hann og á þar við sólóplötuna Kópacabana sem hefur selst í um fjögur þúsund eintökum. „Það er stórkostlegt miðað við hvað er að gerast í tónlistarbransanum, sérstaklega hjá þeim hópi sem er að hlusta á rapp.“

Blazroca kemur svo við sögu á væntanlegri plötu rapparans Emmsjé Gauta í laginu Hemmi Gunn. Þrátt fyrir nafnið fjallar það ekki beint um útvarpsmanninn hressa. „Það fjallar meira um hvernig hann rúllar. Þetta er frekar í hans anda og fjallar um það að vera með „mad swag“ (flotta útgeislun).“ freyr@frettabladid.is

# Spáir Rúnari velgengni

Frédéric Boyer, listrænn stjórnandi flokksins Quinzaine des Réalisateurs á Cannes, segir að Eldfjall, kvikmynd Rúnars Rúnarssonar, sé í alveg sérstöku dálæti hjá sér en þetta kemur fram í viðtali við hann í fagtímaritinu Cineuropa. Boyer tiltekur einnig sænsku kvikmyndina Play eftir Ruben Ostlund og svo þrjár aðrar franskar kvikmyndir. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum keppir kvikmynd Rúnars í tveimur flokkum á kvikmyndahátíðinni í Cannes sem hefst í þessari viku; annars vegar í Camera d'Or sem veitt er fyrir bestu fyrstu kvikmynd og svo í áðurnefndum flokki, en það er franska leikstjórasambandið sem stendur fyrir þeim verðlaunum.

Rúnar heldur út til Cannes ásamt fríðu föruneyti en þegar hefur verið tilkynnt að sölufyrirtækið Trust Nordisk muni reyna að koma myndinni á framfæri á alþjóðlegum markaði. Trust Nordisk er aðeins með einn annan leikstjóra á sínum snærum en það er danski sérvitringurinn Lars von Trier, sem keppir um sjálfan Gullpálmann með kvikmynd sinni Melancholia. Meðal þeirra sem verða með Rúnari á rauða dreglinum í Cannes má nefna Benedikt Erlingsson, Kjartan Sveinsson og Elmu Lísu Gunnarsdóttur ásamt aðalleikurunum Margréti Helgu Jóhannsdóttur og Theódór Júlíussyni. - fgg





**HRIFINN** Frédéric Boyer er hrifinn af kvikmynd Rúnars Rúnarssonar, Eldfjallinu, en Boyer er listrænn stjórnandi flokksins Quinzaine des Réalisateurs á Cannes. NORDICPHOTOS/AFP

„Gleymum ekki geðsjúkum”
eru einkunnarorð K-dagsins.

www.kiwanis.is



# Hjálpaðu okkur að hjálpa með því að kaupa lykill að lífi

- bætum líf barna með geðræn vandamál




Lykillinn kostar 1500 kr. og rennur allur ágóði af sölunni til geðsjúkra. BYKO sker út lykilinn og þú notar hann sem t.d. húslykil. Vertu með **lykil að lífi** á þinni lyklakippu og styrktu um leið málefni geðsjúkra.

## STYRKTARVERKEFNI 2011

1. **BUGL**, sérverkefni sem snýr að þjónustu við ungt fólk m.a. á landsbyggðinni.
2. **MFB**, Miðstöð foreldra og barna sem skiptist í þrennt; foreldraeflingu, meðgönguhópar og tengslaeflingu. Miðstöðin er m.a. með sérhæfð úrræði við fæðingarþunglyndi.
3. **LAUTIN** á Akureyri, sem er; sem er athvarf fyrir fólk með geðraskanir.

## K-DAGURINN

Fyrsti K-Dagurinn var haldin árið 1974 og upp frá því hefur hann verið haldinn þriðja hvert ár. Markmið K-Dagsins er að safna fé til styrktar geðsjúkum og vekja þjóðina til umhugsunar um málefni geðsjúkra.

| | |
|---|---|
| **1974 / 77** | Húsnæði **Bergiðjunnar** byggt fyrir söfnunarfé. |
| **1980 / 83** | Byggt **áfangaheimili við Álfaland** í samvinnu við Geðverndarfélag Íslands. |
| **1986** | Uppbygging **unglingageðdeildar við Dalbraut**. |
| **1989** | Keypt húsnæði fyrir **sambýli í Reykjavík** og **áfangaheimili á Akranesi**. |
| **1992** | Byggð veruleg **stækkun við Bergiðjuna**. |
| **1995** | **Íbúð keypt fyrir aðstandendur barna og unglinga** sem voru í meðferð á Dalbraut. Einnig fékk **Bjarg á Akureyri** og **Sogn í Ölfusi** hluta af söfnunarfénu. |
| **1998** | Söfnunarfé var varið til **endurbóta á húsi Geðhjálpar** við Túngötu. |
| **2001** | **Klúbburinn Geysir**, samtök um gagnkvæman stuðning geðsjúkra, fékk fé sem varið var til húsnæðiskaupa. **Hringsjá starfsþjálfun** fatlaðra fékk fé til tækjakaupa og **Áfangaheimilið að Álfabyggð 4**, Akureyri fékk fé til endurbóta á áfangaheimili geðfatlaðra. |
| **2004** | **Geðhjálp** og **BUGL** fengu samtals 14,6 milljónir til ráðstöfunar. |
| **2007** | **Geðhjálp, BUGL** og **Forma** fengu afrakstur söfnunarinnar. |


Sérstakir stuðningsaðilar átaksins eru:

actavis hagur í heilsu
BYKO
N1
RioTintoAlcan
ALCOA
NORÐURÁL

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Lay Low best

Lagið By and by með tónlistarkonunni **Lay Low** er á lista yfir bestu indílög síðasta árs hjá tónlistarsíðunni Indierockcafe.com. Á meðal þekktra flytjenda sem komast einnig á listann eru Arcade Fire, The National, Sufjan Stevens og LCD Soundsystem. By and by er að finna á síðustu plötu Lay Low, Farewell Good Night's Sleep, sem kom út hér heima fyrir þremur árum. Lay Low er að undirbúa nýja plötu þar sem hún syngur á íslensku og hefur hún verið dugleg við að semja lög að undanförnu við ljóð íslenskra skáldkvenna.



### Bjartsýnn ráðherra

**Katrín Júlíusdóttir** iðnaðarráðherra hefur verið ötul að undanförnu við að koma með jákvæðar fréttir af iðnaðarþróun í landinu. Fyrr á árinu tilkynnti hún á Facebook-síðu sinni að hún myndi birta eina jákvæða frétt á dag, sem hún hefur oftast staðið við. Í gær sagði ráðherra vinum sínum frá því að samkvæmt nýjum tölum frá Ferðamálastofu hefði erlendum ferðamönnum fjölgað um 21 prósent í apríl, miðað við sama mánuð í fyrra. „Og enn heldur ferðamönnum áfram að fjölga! Nýjustu ferðamannatölur lofa verulega góðu (og ímyndið ykkur svo fjöldann á næsta ári þegar við höldum Eurovision keppnina!)," skrifar okkar bjartsýni iðnaðarráðherra.



- fb, sv

## Mest lesið VÍSIR

1. Íslenskur húmor fer illa í breska gagnrýnendur
2. Chrystel verður aflífuð
3. Hertogahjónin farin í brúðkaupsferð
4. Schwarzenegger skilinn við Maríu
5. Móðgaði Harald konung
6. Reiðhjólalöggur tóku Vespumann úr umferð
7. Segja bellibrögðum beitt í vínbúðarmáli




NÝ LÍNA AF KING KOIL
RÚMUM KOMIN Í HÚS
ÁRGERÐ 2011

SÍÐAN ÁRIÐ 1898 HEFUR KING KOIL VARIÐ MIKLUM TÍMA OG FJÁRMUNUM Í AÐ ÞRÓA OG BÆTA FRAMLEIÐSLU SÍNA. ÞETTA ER EIN AF GRUNDVALLARÁSTÆÐUM ÞESS AÐ KING KOIL RÚMIN ERU MEÐAL ÞEIRRA FREMSTU Í HEIMINUM. Í ÁR ER ENGIN UNDANTEKNING OG NÚ KYNNUM VIÐ STOLT NÝJA OG ENN BETRI LÍNU AF HÁGÆÐA HEILSURÚMUNUM FRÁ KING KOIL.



15% KYNNINGARAFSLÁTTUR Á NÝJU LÍNUNNI

35% AFSLÁTTUR
NÚ GERUM VIÐ ENN BETUR
ALLAR ELDRI GERÐIR EIGA AÐ KLÁRAST NÚNA!



KING KOIL HEILSURÚM FRÁ 99.000 KR.

rekkjan
HEILSURÚM

ARGH!!! 090511

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16